

Ég sakna fjölskyldunnar

Bls. 40

Alvarleg staða með samningana

Bls. 4

Enginn betri skóli

Bls. 12

Árangurinn skiptir máli

Bls. 56


Betri og ánægðari starfsmenn

Bls. 32

Jólaplattinn

Bls. 20

ER ALLT STÍFLAÐ?



LÁTTU ÞÉR BATNA MEÐ OTRIVIN NEFÚÐANUM



Otrivin

NEFÚÐI FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA



THORARENSEN Lf



Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvæls og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. eringu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Einstaka tilvik um hraðan og óreglegan hjartslátt. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólín eða bensalkonklóríði ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamenn

Sigrún Hafstein
Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Gardar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmarfríður Þórardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sigríður Ólafsdóttir
Sveinn Ingvarson
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókbönd

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumynd:

Myndin er af Rasa Ratkute frá Litháen

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.

Sími úthlutunarnefndar er 510 7510

myndsendir: 510 7511

Átak í húsnæðismálum

Við Íslendingar stærum okkur af því að skipa topp tíu listann á heimsmæli-
kvarða í fjölda málflokka. En þegar kemur að því að tryggja fólki sjálfsögd réttindi
eins og það að hafa þak yfir höfuðið, blasir við skelfileg staða. Við teljum það til
mannréttinda að eiga aðgengi að húsnæði. Samfélag sem treystir á að ættingjar og
vinir taki inn á heimili sín húsnæðislaust fólk er samfélag þar sem eitthvað mikið
er að. Á sama tíma og stjórnvöld tíunda góða stöðu ríkissjóðs er fólk á götunni í
orðsins fyllstu merkingu.

Staða leigjenda er að mörgu leyti mjög slæm. Há húsaleiga og mikil umfram-
eftirspurn eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu gerir mörgu fólki með lágar tekjur
nánast ókleyft að komast í leiguhúsnæði. Í nýlegum skattatillögum fjármálaráð-
herra eru tillögur um að hætt verði að skattleggja húsaleigubætur og er það skref
í rétta átt. En það nægir ekki fyrir fólk þegar ekkert húsnæði er að fá eða húsnæði
á háu leiguverði.

Langir biðlistar eru eftir félagslegu húsnæði þar sem á annað þúsund manns á
höfuðborgarsvæðinu bíða eftir húsnæði. Því miður er ekkert útlit fyrir að þessir
biðlistar styttest á næstunni.

Húsnæðismál erlendra starfsmanna sem starfa til skamms tíma eða lengri tíma
hér á landi er oft fyrir neðan allar hellur. Oft hefur fjölda manns verið komið fyr-
ir í lélegu leiguhúsnæði og þá oft til þess að spara fyrirtækjum kostnað.

Stjórnvöld hafa hægt og bítandi verið að slaka á þeirri skyldu sinni að gera sem
flestum kleyft að kaupa eða leigja sér húsnæði. Ríkisstjórnin verður að snúa af
þessari braut.

Okkur hollt að líta til fortíðarinnar í þessu efni. Stjórnvöld sýndu stórhug og
framsýni í tengslum við uppbyggingu Breiðholtshverfisins á sínum tíma. Sam-
kvæmt þeirri áætlun voru reistar 1253 íbúðir, þar af voru 200 leiguíbúðir. Verka-
lýðshreyfingin átti ríkan þátt í að þetta átak var gert.

Ljóst er að ekki verður glímt við vandann án þess að sameina mörg öfl til þessa
verkefnis. Samtök launafólks og atvinnurekenda, ríkisvald, og sveitstjórnir verða
að koma að málinu.

Í þessu átaki þarf að koma til bygging fjölda leiguíbúða á höfuðborgarsvæðinu
þar sem lágtekjufólki gefst kostur á góðum íbúðum til leigu á viðráðanlegu verði.
Skoða þarf með hvaða hætti félagslegt íbúðakerfi getur leyst hluta vandans til þess
að bæta þar með kjör stórs hóps lágtekjufólks.

Verkalýðshreyfingin þarf að hefja öfluga og markvissa umræðu fyrir nýju átaki
í húsnæðismálum sem tryggir láglaunfólki valkosti í húsnæðismálum.

EFNISYFIRLIT

Alvarleg staða með samninginn	4	Jólaballið	38
Hafa markmið samninga náðst	8	Ég sakna fjölskyldunnar	40
Helstu breytingar launa	10	Hert eftirlit með atvinnuleyfum	42
Enginn betri skóli til	12	Hvað eru hæfnislaun	43
Jólaplattinn	20	Fyrstur í fæðingarorlof	45
Heimasíðan	22	Trúnaðarmenn	46
Hversvegna viðbótarlífeyrissparnað?	27	Svona er Efling	48
Hæstaréttardómur	30	Read all about Efling	54
Betri og ánægðari starfsmenn	32	Árangurinn skiptir miklu máli	56
Góður GrunnMenntaskóli	34	Dýrasta landið	62

Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Erum í alvarlegri stöðu með samninginn



Sigurður Bessason, formaður Eflingar - stéttarfélags

Í febrúarmánuði nk. kemur að árlegri endurskoðun kjarasamnings Flóabandalagsins og því tímabært að huga að mati á stöðu samningsins. Á næstunni mun fara fram vinna við að meta hvort marktæk frávík hafi orðið á samningnum miðað við upphaflegar forsendur. Fréttablaðið ræddi við Sigurð Bessason, formann Eflingar, að þessu tilefni og spurði hann hvernig hann mæti stöðuna nú þegar liða tekur að þessum tímamarki.

Mér finnst mikilvægt að við rifjum upp að þessu tilefni að hverju við stefndum með kjarasamningnum árið 2000. Við höfðum mjög skýr markmið. Lagt var upp með sérsaka hækkun lægstu launa en jafnframt var gengið út frá

ákveðnum lágmarkslaunhækkunum á öll laun fyrir ofan tiltekin mörk. Verðbólgu yrði náð niður og með því sköpuð áframhaldandi kaupmáttaraukning eins og gert var með kjarasamningunum árið 1997.

Samstaða varð um forsendur með atvinnurekendum og þegar við skoðum þróun launa frá gerð samninganna þá sjáum við að meginmarkmið varðandi sérstaka hækkun lægstu launa hafa gengið eftir. Við skulum gera okkur vel grein fyrir því að þrátt fyrir verðbólguna, þá hefur þetta tekist að nokkru marki. Framan af samningstímanum voru samningarnir að skila almennri kaupmáttaraukningu en nú hallar verulega undan fæti vegna hækkandi verðbólgu.

En hvað fór þá úrskeiðis?

Árangur á samningstímabilinu öllu byggði á að verðbólgan gengi niður. Hún var 5.6% í upphafi árs 2000 sem við töldum þá allt of háa og alger nauðsyn væri á að ná henni niður. Að öðrum kosti myndi ávinningur samninganna fara í súginn.

Þar duga engar afsökunarbeiðnir þegar ljóst er að t.d. skattatilögur taka ekkert mið af hagsmunum okkar fólks. Það gengur ekki að ríkisstjórnin axli ekki ábyrgð á efnahagsstefnunni og láti stofnanir úti í bæ ákveða meginþætti eins og vexti





Lífeyrissparnaður er spurning um traust

Samkvæmt neyslukönnun Gallup
velja flestir þeirra sem nýta sér viðbótar-
lífeyrissparnað að ávaxta hann í
Lífeyrissparnaði Landsbankans.*

Komdu þínum sparnaði í traustan farveg
í næsta útibúi Landsbankans eða á
landsbanki.is. Þú getur líka hringt í síma
560 6000 og gengið frá málunum.

*Um fjórir af hverjum tíu leggja viðbótariðgjald í lífeyrissjóð samkvæmt neyslukönnun Gallup í mars 2001.
Útvaldið var 2311 manns á aldri 16-65 ára, valið af handahófi úr þjóðskrá og var svariutfall um 67%.
Spurt var „Í hvaða lífeyrissjóð eða sparnaðarform leggur þú viðbótariðgjaldið?“



Landsbankinn



Rangar fullyrðingar um óraunsæja kjarasamninga

Seðlabankinn hefur haldið því fram að við höfum gert óraunsæja kjarasamninga. Þetta er rangt. Í reynd voru kjarasamningarnir okkar mjög raunsæir. Forsendan var sú að atvinnurekendur, ríkisvaldið og opinberir aðilar stæðu einnig rétt að málum — ekki síður en við.

Strax árið 2000 lögðum við mikla áherslu á það hversu mikilvægt það væri að þau markmið sem stjórnvöld settu sér í efnahagsmálum væru í samræmi við kjarastefnu samtaka launafólks.

Stjórnvöld ákváðu hins vegar að horfa framhjá meginmarkmiðum kjarasamninganna. Þeir ákváðu að spila ekki með okkur. Okkur hefur reyndar tekist að verja stöðuna býsna vel miðað við þær aðstæður að hafa stjórnvöld aðgerðalítil eða jafnvel aðgerðalaus um meginþætti efnahagsmála.

Aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar hefur sett Seðlabankann í þá stöðu að þurfa einn að reyna að sporna við ofpenslu í þjóðfélaginu með því að reyna að hafa áhrif á fjárfestingar og neyslu fyrirtækja og heimila með vaxtahækkunum. Niðurstaðan er að vextir hafa farið úr öllum böndum, gengið styrktist fram á mitt síðasta ár og með því eftirspurnin eftir erlendri vöru sem leitt hefur til veikingar innlendra framleiðslufyrirtækja og vaxandi viðskiptahalla.

Með nýjum lögum um Seðlabanka ákváðu

stjórnvöld að láta gengið fljóta. Þannig voru þau að fría sig ábyrgð í stöðunni og láta „markaðinn“ um að fella gengið. Niðurstaðan er að gengi íslensku krónunnar hefur lækkað mikið og var um 16% lægra fyrstu 9 mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra. Háir vextir Seðlabanka eru nú farnir að hafa áhrif til hækkunar verðlags og á endanum sjáum við samdrátt í eftirspurn og minnkandi atvinnustig. Þessi þróun getur að lokum endað með gjaldþrotum fyrirtækja eins og við höfum verið að upplifa á þessum haustmánuðum.

Hvað gerist í febrúar?

Það er erfitt að segja nákvæmlega til um það á þessu stigi. Það er alveg ljóst að við erum í mjög alvarlegri stöðu með kjarasamninginn. Við erum að byrja í Flóaabandalaginu og hjá ASÍ að skoða þróunina og reyna að meta stöðuna. Við teljum mjög mikilvægt í þessari stöðu að innan ASÍ skapist samstaða meðal þeirra félaga og sambanda sem eru með sambærilegt opunarákvæði um hvernig við mætum þessu. Það er ljóst að meðal almenna launafólksins þýðir aukin verðbólga bara áfram rýrnandi kaupmátt. Helsta verkefni okkar nú er að ná niður verðbólgunni.

Stefnir í uppsögn samninga?

Ég vil orða það þannig að þegar kemur að endurskoðunarákvæðum kjarasamninga þá er ekkert sem bendir til annars en að opunarákvæðið verði virkt. Við teljum mjög mikilvægt í þessari stöðu að innan Alþýðusambandsins skapist samstaða meðal þeirra félaga og sambanda sem eru með sambærilegt opunará-

Það er erfitt að sjá að hægt sé að framlengja líf þessa samnings óbreytt



Framhald af bls. 24



FULLORDINSFRÆÐSLA -Vor 2002-

PRÓFADEILD

Grunnskólastig: Grunnám, Fornám. Samsvarar 8., 9. og 10. bekk grunnskóla.
Upprifjun og undirbúningur fyrir framhaldsskóla.

Framhaldsskólastig: Almennur kjarni fyrstu tveggja ára framhaldsskóla.
Bóklegar greinar heilbrigðisbrauta. Fjarnám.

Aðstoðarkennsla í stærðfræði fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskóla.
Sérkennsla í lestri og skrift.

ALMENNIR FLOKKAR-FRÍSTUNDANÁM

Fjölbreytt tungumálanám: Danska, norska, sænska, enska, þýska, hollenska,
franska, ítalska, spænska, portúgalska, rússneska,
pólska, tékkneska og arabíska.

Talflokkar og upprifjun í þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku fyrir þá sem hafa áður lært
en litið notað þessi tungumál.

Íslenska fyrir útlendinga (1.-4.stig) dag og kvöldkennsla. Íslenska talflokkur, íslenska
ritun (stafsetning og málfræði).

Verklegar greinar og myndlistarnámskeið:

fátasaumur, skrautskrift, postulínsmálun, glerlist, teikning, olíumálun,
vatnslítamálun, prjón, myndprjón, hekl, fata feng-shui.

Önnur námskeið

m.a. trúarbragðasaga, matreiðsla fyrir karlmenn, listasaga, skokk og húsgagnaviðgerðir.

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

Íslenska fyrir útlendinga (1.-4. stig) dag- og kvöldkennsla.

Íslenska talflokkur, íslenska ritun (stafsetning og málfræði), lestrarkennsla.
Próf verða haldin fyrir þá sem fara í framhaldsflokka.

Upplýsingar í síma: 551 2992. Fax: 562 9408.

Netfang: nfr@namsflokkar.is

Vefsíða: www.namsflokkar.is

Kennt er í Miðbæjarskólanum og í Mjódd.

Nýr kennslustaður: Miðgarður við Langaríma, Grafarvogi.

SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR

Hafa markmið kjarasamninganna náðst?

- eftir Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðing ASÍ




Mynd 1. Heimild: KRN, útreikningar hagdeild ASÍ 4. ársfj. 1999 = 100

Í kjarasamningum Eflingar frá því í mars 2000 var lagt upp með þrjú skilgreind markmið sem Flóabandalagið lagði áherslu á gagnvart viðsemjendum sínum og stjórnvöldum. Í fyrsta lagi almennar launabreytingar sem tryggðu hækkun kaupmáttar, í öðru lagi sérstaka hækkun lægstu launa og í þriðja lagi hjöðnun verðbólgu til þess að tryggja stöðugleika og verja umsamdar kaupmáttarbreytingar.

Nú þegar líður að endurskoðun kjarasamninga er ekki úr vegi að líta yfir farinn veg og meta hvort þessum markmiðum hefur verið náð. Hér er leitast við að leggja mat á þróun kaupmáttar verkafólks á höfuðborgarsvæðinu, bæði í heild og miðað við þá lægst launuðu.

Ef lítið er á mynd 1 má sjá þróun kaupmáttar dagvinnulauna verkakvenna og verkakarla á höfuðborgarsvæðinu frá því í ársbyrjun 1999. Eins og sjá má á myndinni féll kaupmáttur nokkuð á árinu 1999 hjá báðum kynjum vegna aukinnar verðbólgu. Frá ársbyrjun 2000 og fram að fyrsta ársfjórðungi 2001 hefur kaupmáttur hins vegar aukist. Þetta á sérstaklega



Mynd 2. Heimild: KRN

við um kaupmátt verkakvenna, en kaupmáttur þeirra var um 20% hærri á fyrri hluta ársins 2001 en hann var fyrir gerð kjarasamninganna. Kaupmáttur verkakarla jókst hins vegar um 13% á sama tímabili. Aukin verðbólga um miðbik ársins 2001 er hins vegar farin að saxa í kaupmáttinn og lækkaði hann hjá bæði konum og körlum. Þetta er nokkuð athyglisverð niðurstaða, því þrátt fyrir mun meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir hefur kaupmáttur vaxið nokkuð meira en forsendur samninga gerðu ráð fyrir. Skýringuna á þessu kann að vera sú að launaskrið hafi verið nokkuð almennt á tímabilinu.

Til þess að kanna það var launadreifing verkafólks fyrir og eftir hækkun launa skoðuð sérstaklega. Með því er hægt að leggja mat á bæði hvort launaskrið hafi verið almennt og hvort markmið kjarasamninganna um hækkun lægstu launa hafi gengið eftir.

Á mynd 2 sem sýnir hversu stór hluti hópsins er með tekjur undir hverri af viðmiðunartölum á lárétta ásnum má sjá, að frá febrúar 2000 til febrúar 2001 hafði verkafólki með dagvinnulaun undir 105 þús.kr. í á mánuði fækkað úr 55% í 19% af heildinni. Ef lítið er á þá sem voru undir 155 þús.kr. hafði þeim einungis fækkað úr 90% í 82%. Þetta staðfestir tvennt; markmið kjarasamninganna um sérstaka hækkun lægstu launa gekk mjög vel eftir og launaskrið hefur verið býsna almennt.

Þetta eru auðvitað ákaflega mikilvægar niðurstöður, sérstaklega að áhersla okkar á sérstaka hækkun lægstu launa hafi skilað svona jákvæðum árangri. Hins vegar má ekki gleyma því, að eitt mikilvægasta markmið samninganna var að draga úr verðbólgu og það hefur ekki tekist. Það er til lítils fyrir okkur að ná árangri í hækkun kaupmáttar ef hann hverfur jafnharðan í aukinni verðbólgu. Það hlýtur því að vera helsta baráttumál verkafólks á næsta tímabili að ná niður verðbólgunni.

Þetta á sérstaklega við um kaupmátt verkakvenna, en kaupmáttur þeirra var um 20% hærri á fyrri hluta ársins 2001 en hann var fyrir gerð kjarasamninganna



Öflug brunavörn



Asýran

DREGUR ÚR SÝRUMYNDUN



LYFJAHÉÐUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is

Notkunarsvið: Asýran inniheldur ranítíðin sem er notað við sárastjúkðómum í meltingarfærum, s.s. maga- og skeifugarsárum, og er fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. Lyfið er notað við bölgum í vélinda sem stafa af því að magsýra kemst úr maga upp í vélinda. **Vonðorreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir ranítíðin, barnshafandi konur og konur með börn á brjósti mega ekki nota lyfið. Fólk með skerta nýrnastarfsemi er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er tekið. **Aukaverkanir:** Um 3-5% sjúklinga finna fyrir einhverjum aukaverkunum af völdum Asýran, eins og t.d. höfuðverk, útbrotum, þreytu, niðurgangi og svima. Skömmtun: Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 15.10.01

Helstu breytingar á næstunni

Rétt er að vekja sérstaka athygli á helstu breytingum sem verða á kjarasamningnum á almenna vinnumarkaðnum þ.e. í kjarasamningsbundnum störfum sem ekki liggja á samningssviði ríkis og sveitarfélaga og stofnunum tengdum þessum aðilum. Launafólki á almennum markaði er einnig bent á hækkun desemberuppbótar, hækkun lágmarkstekna fyrir fullt starf og hækkun móttframlags atvinnurekenda í séreignarsjóð. Farið er yfir þessar breytingar hér á síðunni.

Samningsbundin hækkun launataxta frá 1. janúar 2002

Í kjarasamningi Flóabandalagsins og SA hækka samningsbundin launa um 3% lágmarkshækkun. Taflan hér að neðan sýnir hvernig hækkunir koma á lægri laun niður í 81.185.kr.

Öll laun sem í desember 2001 eru hærri en 95.475 kr. skulu hækka um 3%.

Launataxti í des 01	Hækkun skv. samn.	Launataxti frá 1. jan. 02
81.185	6,50%	86.462
82.128	6,47%	87.440
82.917	6,27%	88.116
83.696	6,08%	88.782
84.468	5,88%	89.437
85.231	5,69%	90.083
85.986	5,50%	90.718
86.733	5,32%	91.344
87.471	5,13%	91.961
88.202	4,95%	92.568
88.925	4,77%	93.165
89.640	4,59%	93.754
90.347	4,41%	94.334
91.046	4,24%	94.905
91.737	4,07%	95.467
92.421	3,89%	96.021
93.098	3,73%	96.566
93.777	3,56%	97.111
94.628	3,34%	97.792
95.474	3,13%	98.464

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá fyrirtæki, skulu vera frá 1. janúar 2001 kr. 90.000 á mánuði.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framan-greindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Almenni vinnumarkaðurinn

Desemberuppbót á árinu 2001

Desemberuppbót skal vera **kr. 35.000 á árinu 2001**. Uppbótina skal greiða fyrir 15. desember.

Nefnd samningsaðila á almenna vinnumarkaðnum, þ.e. ASÍ/SA, úrskurðaði um sérstaka hækkun desemberuppbótar, í 35.000 kr. fyrir árið 2001.

Séreignarsparnaður

Móttframlag verður 2%

Gildir um alla félagsmenn Eflingar-stéttarfélags.

Ljóst er að viðbótarlífeyrissparnaðurinn er besti sparnaður sem launafólk á vól á. Ef við á annað borð getum lagt fyrir í séreignarsparnað þá er rétt að hvetja félagsmenn til þess.

Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi framlag á móti.

Frá 1. janúar 2002 skal móttframlag vinnuveitanda vera **2%** gegn 2% framlagi starfsmanns.

Starfsmanni er þó heimilt að velja 3-4% gegn 2% framlagi vinnuveitanda þannig að hámarks sparnaður getur orðið 6.4%. 0.4 af þessari tölu koma frá ríkissjóði.

Breytingin er að móttframlag vinnuveitanda hækkar úr 1% í **2% um áramótin**.

Hvað þarft þú að gera? Hafa samband við Lífeyrissjóðinn Framsýn og ganga frá samningi við sjóðinn.

Fylgist með að lífeyrissjóðum sé skilað

Nauðsynlegt er að benda félagsmönnum á það að fylgjast vel með því að lífeyrissjóðs iðgjöldum sé skilað til Lífeyrissjóðsins Framsýnar.


Að bera saman launaseðla og yfirlit sem lífeyrissjóðurinn sendir félagsmönnum.

Að hafa samband við Lífeyrissjóðinn Framsýn ef athugasemdir eða spurningar vakna.

Engin tæpitunga



Björn Ingi Hrafnsson



Halldór G. Björnsson
verkalýðsforingi steig skyndilega
fram í sviðsljósið eftir áratugi bak við
tjöldin.

Hér lýsir hann átökum og þekktum
persónum af einstæðu hispursleysi
og einlægni manns sem lærði af
mótlæti sínu og fann að lokum sinn
innri styrk.





Halldór G. Björnsson

Enginn betri skóli fyrir unga menn

Kafli úr endurminningum
Halldórs G. Björnssonar

Um þessar mundir gefur Mál og menning út endurminningar Halldórs G. Björnssonar, fyrrverandi formanns Dagsbrúnar og fyrsta formanns Eflingar. Það er Björn Ingi Hrafnsson blaðamaður sem hefur skráð viðtalsbókina. Halldór kemur víða við í yfirlipsmikilli sögu sinni um en við grípum hér niður í sögunni þar sem hann lýsir fyrstu kynnum sínum af stjórnarstarfi í Dagsbrún og þeim leiðtogum og samstarfsmönnum sem þá voru í fararbroddi í félaginu. Halldór segir hér m.a. frá samstarfinu við Eðvarð Sigurðsson, en lítið hefur verið fjallað um Eðvarð og því forvitnilegt að heyra Halldór lýsa einum helsta leiðtoga launamanna í Reykjavík á síðustu öld.....

Þegar ég gekk til liðs við stjórn Dagsbrúnar var Hannes Stephensen formaður og Eðvarð Sigurðsson ritari en ungur maður, þrekvaxinn og dimmraddaður, var fulltrúi yngri kynslóðarinnar eins og ég. Auk þess voru þar tveir öndvegismenn frá höfninni, Pétur Lárusson og Vilhjálmur Þorsteinsson. Þeir tvímenningar voru sannkölluð náttúrutalent, óskólagengnir, en samt til viðræðu um hvaðeina í menningarmálum, frá bókmenntum til myndlistar og allt þar á milli. Manni fannst þeir vel færir um að

mynda sér skoðanir á öllum málum.

Ekki má heldur gleyma Ragnari Gunnarsyni, merkilegum manni sem orðið hafði landsfrægur fyrir aðild sinni að njósnamáli uppi við Hafravatn. Ragnar var eindreginn kommi og átti að baki nokkrar ferðir austur í fyrirheitna ríkið. Eitt sinn höfðu sovéskir sendiráðsmenn beðið hann um að njósna fyrir sig um umsvif bandaríska hersins hér á landi, en Ragnar vísaði lögreglunni á flugumennina þar sem þeir biðu hans við Hafravatn. Þetta mál komst í há-mæli á sínum tíma og nafn Ragnars varð á allra vörum. Í návígi líktist hann hins vegar ekkert aðalpersónunum í njósnamyndunum sem maður sá endrum og sinnum í bíól!

Varaformaðurinn Tryggvi Emilsson var séní að norðan og hafði getið sér gott orð sem flokksstjóri hjá Hitaveitunni. Hann sat um árabíl í stjórn Dagsbrúnar og mikilvirkur í störfum sínum fyrir félagið, einkum eftir að hann varð ritari.

Með skáldskapargáfu

Löngu seinna þegar Tryggvi fór á eftirlaun, gat hann gefið skáldskapargáfu sinni lausan tauminn, en við skriftir hafði hann sýslað meðfram launavinnu um langt skeið. Bækur hans

um fátækt fólk á Íslandi fyrri tíðar vöktu gríðarlega athygli og hlutu mikið lof. Frá því var eitt sinn skýrt að Tryggvi hefði ekki verið nema hársbreidd frá því að hljóta Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á sínum tíma fyrir ritverk sín. Öll komu þau út eftir að eiginlegri starfsævi hans lauk. Sagan segir að úthlutunarnefndin hefði eflaust veitt honum verðlaunin hefði hún vitað hverjar aðstæður hins aldna rithöfundar voru í raun og veru. En þegar Tryggvi var ungur maður þótti lítt skynsamlegt og beinlínis fáheyrð að karlmaður helgaði sig skriftum og skáldskap einvörðungu.

Hvað ætli við Íslendingar höfum tapað af mörgum ritsnillingum og skáldverkum af þeim sökum?

Hannes Stephensen var mikill sómamaður sem gott var að kynnast. Hann átti hins vegar við nokkra vanheilsu að stríða þegar ég kynntist honum. Hann var þá í þann veginn að láta af störfum sem formaður en starfaði þó áfram á skrifstofu Dagsbrúnar. Þegar ég kom þangað til starfa náði ég því miður lítið að vinna með honum því að hann andaðist aðeins nokkrum mánuðum síðar. Engu að síður fengum við tækifæri til að kynnast og ég fann strax að þarna fór mikill mannkostamaður; rólegur á yfirborðinu en mjög fylginn sér.

Hinn unga maðurinn í stjórnninni þekkti ég lítið, enda þótt ég vissi deili á honum úr þjóðmálaumræðunni. Nafn hans varð á allra vörum í sex vikna verkfallinu árið 1955, því að þá hafði hann getið sér gott orð sem öflugur verkfallsvörður og bakað sér óvild atvinnurekenda. Þá þótti hann afar róttækur í skoðunum og hafði látið að sér kveða í stjórnmálabaráttunni með flokki sósíalista.

Guðmundur Jóhann og Eðvarð Sigurðsson

Þessi ungi maður hét Guðmundur Jóhann Guðmundsson. Hann var stundum kallaður Jakinn og síðar festist það viðurnefni við hann. Hann átti eftir að verða einn nánasti samstarfsmaður minn næstu áratugina.

Ekki veit ég hvort hægt er að lýsa mér sem vinmörgum manni þótt ég kannist ekki við að eiga mér marga óvini. Ég held hins vegar að í gegnum tíðina hafi ég eignast fjölmarga ágæta kunningja en fáeina nána vini. Það er öllum nauðsynlegt að eiga sér trúnaðarvini á hvaða skeiði ævinnar sem er sem er og ég held að mér hafi ekki þótt eins vænt um nokkra menn og þá tvo sem ég eignaðist að vinum eftir að ég hóf afskipti af verkalyðsmálum í stjórn Dagsbrúnar. Þetta voru þeir Eðvarð Sigurðsson og Sigurður Guðgeirsson, starfsmaður félagsins og sérlegur féhirðir.

Milli okkar ríkti náin vinátta sem sjaldan féll skuggi á. Til þeirra var gott að leita og ég gerði mér far um að sýna þeim hlýhug þegar þannig bar undir.

Eðvarð Sigurðsson í Litlu Brekku var að mínu mati einstakur maður, sérstakt þrúðmenni, ráðagóður og djúpvitur. Hann er ein-

„Finnst þér þessi mynd á almanakinu ekki dásamleg?“ spurði hann síðan enn rólegri en áður. Við þetta var sem allur vindur væri úr mér, ég hné niður í sætið fyrir framan skrifborðið án þess að fá tækifæri til að útlista aðferðafræði mína fyrr en æsingurinn var af mér runninn.



hver merkasti forystumaður í sögu íslenskrar verkalyðshreyfingar og að mínu mati hefur nafni hans allt of lítt verið haldið á lofti.

Eðvarð var átján árum eldri en ég, fæddur í júlí 1910, og bjó lengstan sinn aldur á bænum Litlu Brekku. Sá bær var ekki meiri sveitabær en svo að hann stóð á sjálfu Grímsstaðaholtinu í Reykjavík, á horni Þormóðsstaðavegar og Suðurgötu sem nú heitir. Litla Brekka stóð þar í rúm sextíu ár, síðasti torfbærinn í höfuðborginni, hlaðinn úr torfi og grjóti með grösugri þekju og ljósum stafnpiljum.

Erfiðar aðstæður á æskuárunum mótuðu mjög Eðvarð, ekki síst föðumissirinn sem hann varð fyrir aðeins ellefu ára gamall. Móður hans reyndi að halda barnahópnum saman þó að það tækist ekki nema að nokkru leyti.

Eðvarð Sigurðsson varð snemma hálfgerð



Þríeykið - Guðmundur J., Eðvarð og Halldór ræðast við

þjóðsagnapersóna og kom þar marga til. Þessi dagfarsprúði maður var mótaður af uppeldi sínu og uppruna, róttækur mjög eftir lestur erlendra rita og ákveðinn í að gera sitt til þess að breyta heiminum. Hann gekk í Dagsbrún 1930 og fáum árum síðar varð hann þekktur í félaginu sem einn af forsprökkum órólegu deildarinnar. Sú deild fann sitjandi stjórn allt til foráttu og sparaði síst stóru orðin en boðaði allt önnur og betri úrræði til handa sveltandi verkalyð. Þetta voru harðir tímar, heimskreppan í algleymingi og baráttan annað og meira en orðin tóm. Stundum var hreinlega um að ræða átök upp á líf og dauða.

Með árunum óx vegur þessa unga baráttu-



Halldór með Árna Theodorssyni, Ellasi Árnasyni, Bjarna Hjálmtýssyni, og Leifi Björnssyni í samningunum 1997

manns innan Dagsbrúnar. Enn var hann harðsnúinn stjórnarandstæðingur í félaginu en nú dyggilega studdur af meginþorra félagsmanna sem fellt höfðu samninga stjórnar félagsins við atvinnurekendur á frægum fundi á nýjárðsdag 1941. Eðvarði og félögum hans var ekki síst kennt um þá niðurstöðu, enda höfðu þeir hvatt mjög til þess að samningurinn yrði felldur í atkvæðagreiðslunni og meðal annars látið dreifa flugritum. Þá var valdhöfum nóg boðið og á þrettánda degi jóla handtóku breskir dátar óróasegginn heima í Litlu Brekku og færðu hann í herfangelsið á Kirkjusandi.

Sakarefnið var það að hafa í félagi við aðra leiðtoga kommúnista dreift bréfi til breskra hermanna sem herstjórnin hafði skipað að taka upp störf verkamanna við Reykjavíkurhöfn í verkfalli Dagsbrúnar. Í bréfinu voru hermennirnir hvattir til þess að sýna samstöðu með verkamönnum með því að ganga ekki í störf þeirra.

Dreifibréfamálið

Dreifibréfsmálið er frægt í Íslandssögunni og Eðvarð í Litlu Brekku þekktu allir Íslendingar. Og bæinn hans, enda kenndi hann sig ætíð við hann. Eðvarð sagði mér að sá tími sem þeir uppreisnarseggirnir í Dagsbrún dvöldu á Litla Hrauni hefði verið geysilega erfiður, aðstæður allar ömurlegar, enda hefði ekkert haft jafn

mikil áhrif á hann í lífinu og þessi fjögurra mánaða fangelsisvist á Eyrarbakka sem hann var dæmdur til að afplána fyrir landráð gegn breska heimsveldinu, eins og það var orðað í niðurstöðu héraðsdóms.

Á Þjóðviljann settu þeir útgáfubann og tóku ritstjórnara höndum rétt eins og verkalýðsleiðtogana. En þeir hafa líklega þótt enn hættulegri því að ekki þótti nægja að senda þá í tugthús austur fyrir fjall, heldur fengu þeir aðra vist og verri eftir langa siglingu til Englands.

Við sem þekktum Eðvarð vissum að hann bar síðar engan kala til Breta fyrir hinar óvenjulegu sakargiftir, enda var sökin, ef sök skyldi kalla, framin á víðsjárverðum tímum. Né síður hugsaði hann með hryllingi til Litla Hrauns heldur naut hann æ síðar vináttu samfanga sinna og virðingar. En við vissum að hann átti alla tíð erfitt með að setta sig við þá staðreynd að það voru íslensk stjórnvöld sem dæmdu hann til refsivistarinnar og gerðu hann að tugthúslim. Ekki Bretar. Að íslenskir dómstólar skyldu verða til þess að dæma menn í fangelsi fyrir pólitískar sakir, það gat Eðvarð ekki með nokkru móti fyrirgefið.

Og láí honum hver sem vill.

Þegar ég tók sæti í stjórn Dagsbrúnar árið 1958 og kynntist Eðvarði leit ég vitaskuld mjög til hans, enda hafði hann vélað mig til að gefa kost á mér í stjórnarkosningum. Á þeim árum voru kosningar í Dagsbrún árviss viðburður. Þær voru jafnan afskaplega tvísýnar og harðar, enda í rauninni um að ræða lítt dulbúin átök stjórnmálaflokkanna um völd í félaginu. Ég veit svo sem ekki hvað réð því að ég varð fyrir valinu í stjórnina - eflaust hefur þótt ástæða til að yngja örlítið upp. Eðvarð var jafnan vel að sér um allar aðstæður á stærri vinnustöðum,



þekkti þá starfsmenn sem eitthvað kvað að og gerði sér jafnan far um að taka púlsinn á hinum almenna félagsmanni.

Vínátta og skilningur

Á milli okkar tókst strax góð vínátta og skilningur sem hélst alla tíð. Eðvarð var einstökum gáfum gæddur og gat tileinkað sér flóknustu mál sem aðrir þurfa langskólamenntun til að meðtaka. Sjálfur naut hann hins vegar ekki langrar skólagöngu, en samt var hann meiri menntamaður en aðrir sem ég hef kynnst.

Og baráttumaður var hann. Ég segi stundum að hann sé einn af fáum mönnum íslenskum sem hafi verið settur bak við lás og slá fyrir sannfæringu sína. Það kom þó ekki í veg fyrir að síðar tæki hann sæti á Alþingi Íslendinga og yrði þingmaður Reykvíkinga í tvo áratugi fyrir Sósíalistaflokkinn og síðar Alþýðubandalagið sem hann átti stóran þátt í að stofna, vinsæll og virtur sem slíkur.

Einhvern tíma heyrði ég Eðvarði lýst á þann veg sem þingmanni að hann væri ekki þeirra málgladaður eða mestra yfirlýsinga. Starf hans hefði einkum farið fram bak við tjöldin, jafnvel á tveggja manna tali. En þegar Eðvarð steig í pontu, til dæmis í umræðum um efnahagsmál og dýrtíðina eins og þá var jafnað talað um verðbólguna, þá hlustaði þingheimur allur. Þá var mál manna að þar mælti verkalýðshreyfingin.

Ég held að enginn sem gengur til liðs við í forystusveit íslenskrar verkalýðshreyfingar hefði getað óskað sér betri leiðbeinanda en Eðvarð Sigurðsson. Hafi nemandinn ekki numið fræðin af nægilegri kostgæfni er ekki við lærimeistarann að sakast heldur tornæmi lærisveinsins.

Í stjórn jafn stórs félags og Dagsbrúnar getur einn maður aldrei farið með alla samningagerð. Þess vegna hefur ætíð verið farin sú leið að skipta helstu atvinnugreinum milli nokkurra manna. Það var mikill kostur að geta snarast inn á kontór hjá karlinum, nú eða tekið upp símann og spurt ráða þegar manni virtust öll sund lokuð í einhverri samningalotunni. Sjaldan sneri maður bónleiður til búðar og með árunum urðu þær heimsóknir tíðari. Þá kynntist ég í senn hörðum en sanngjörnum húsbónda og traustum vini. Eðvarð var ekki með nefið niðri í hvers manns koppi heldur lagði hann áherslu á að hver og einn fengi notið sín. Yrði okkur hins vegar á glappaskot eða gerðum eitthvað sem Eðvarð og eldri mönnunum mislík- aði fékk maður undir eins að vita af því.

Einhverju sinni gerðist það að ég hafði tekið þátt í deilum um réttindamál á hafnarsvæðinu. Mér hafði þótt mjög ranglega með þá verkamenn farið sem leitað höfðu til félagsins og snöggreiddist út í vinnuveitendur fyrir óbilgirnina. Skyndilega datt mér eitthvert ráð í hug til lausnar og þaut með það sama inn til Eðvarðs

til að bera undir hann úrlausnina.

Situr ekki karlinn þarna sallarólegur í gamla hægindastólnum sínum og tottar pípuuna eins og jafnan þegar hann sat yfir pappírsbunkanum á skrifborðinu og vann. Hann leit á mig, lét sér hvergi bregða þótt ég stæði þarna móður og mäsandi og gæti bersýnilega ekki beðið eftir því að fá að láta ljós mitt skína.

„Finnst þér þessi mynd á almanakinu ekki dásamleg?“ spurði hann síðan enn rólegri en áður. Við þetta var sem allur vindur væri úr mér, ég hné niður í sætið fyrir framan skrifborðið án þess að fá tækifæri til að útlista aðferðafræði mína fyrr en æsingurinn var af mér runninn.

Þannig var Eðvarð. Hann var ekki að hafna hugmyndum annarra eða gera lítið úr viðleitni minni til að leysa málið. En hann skynjaði hins vegar uppnámið sem ég var í og það kunni hann ekki að meta - sagði að engar góðar lausnir yrðu til í slíku hugarástandi. Þess vegna vildi hann ná mér niður á jörðina áður en ég fengi orðið og ræða málin síðan af þeirri yfirvegun og skynsemi sem jafnan einkenndi allt hans fas.

Það var mikill skóli fyrir yngri menn eins og okkur Guðmund að starfa með þessum mönnum á skrifstofu Dagsbrúnar. Sannkölluð forréttindi.

Sendum félögum Eflingar - Stéttarfélags og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Bífreiðastjórafélagið Sleipnir
Bíliðnafélagið - Félag blikksmiða
Björgun ehf. Sævarhöfða 33, Reykjavík
Eining - Iðja
Endurvinnslun hf. Knarrarvogi 4, Reykjavík
Félag byggingariðnaðarmanna Hafnarfirði
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut, Reykjavík
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hringbraut 50, Reykjavík
Haraldur Böðvarsson hf. Bárugötu 8-10, Akranesi
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns, Hátúni 2a, Reykjavík
Höldur ehf. Skeifunni 9, Reykjavík
Kólus ehf. Tunguhálsi 5, Reykjavík
Kópavogsbær
Landssamband íslenskra verslunarmanna
Landssamband lögreglumanna
Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hf. Markhelli 1, Hafnarfirði
Mjólkurfræðingafélag Íslands
Ottó B. Arnar ehf. Ármúla 29, Reykjavík
Reykjavíkurhöfn
Sjómannasamband Íslands
Smur, bón- og dekkjaþjónustan sf. Sætúni 4, Reykjavík
Verkalýðsfélag Akraness
Verkstjórassamband Íslands
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar

Vasabókin 2002 að koma út

Vasabókin 2002 er að koma út. Allt frá stofnun Eflingar hefur félagsmönnum verið send vasabók með helstu upplýsingum um félagið og öðrum gagnlegum fróðleik. Vasabókin í ár er nú tilbúin til prentunar og kemur út í desember. Hún verður væntanlega send til félagsmanna í byrjun janúar eða lok desember.



Sérsniðin tölvunámskeið slá í gegn

- á fjórða hundrað Eflingarfélaga á tölvunámskeiði hjá Tölvuskóla Reykjavíkur

Efling gerði í haust samning við Tölvuskóla Reykjavíkur um sérstök námskeið fyrir Eflingarfélaga sem aðeins kosta 2.000 – 3.200 krónur að teknu tilliti til styrkja frá félaginu. Þessi námskeið hafa sannarlega slegið í gegn því hátt á fjórða hundrað þátttakendur hafa tekið þátt í námskeiðunum.

Ljóst er að námskeiðunum verður þeim haldið áfram á meðan þátttaka er næg. Þá hafa önnur námskeið á vegum skólans einnig verið vel sótt, bæði eftirmiðdags og kvöldnámskeið.

Allir Eflingarfélagar fá 33% afslátt frá almennu verði og síðan er hægt að sækja um 60-75% endurgreiðslu í fræðslusjóðum Eflingar. Þá hefur það færst í vöxt að fyrirtæki taki sig saman með starfmönnum og óski eftir sérsniðnum námskeiðum fyrir starfsmannahópa. Í slíkum tilfellum geta fyrirtæki sótt í fræðslusjóði Eflingar til stuðnings við námið.

Við hvetjum Eflingarfélaga til að kynna sér þessi tilboð hjá Tölvuskóla Reykjavíkur (s.561-6699) eða Eflingu – stéttarfélagi (s.510-7500).



Námskeiði fyrir starfsfólk mötuneyta og við ræstingar frestað fram í janúar

Námskeið sem átti að halda nú í nóvember fyrir starfsfólk mötuneyta á almennum markaði og starfsfólk við ræstingar hefur verið frestað fram í janúar. Námskeiðið, sem er 26 stunda, verður haldið á vegum Eflingar með stuðningi frá Starfsafli, fræðslusjóði Eflingar og SA. Námskeiðið verður þátttakendum að kostnaðarlausu.

Námskeiðið í ræstingum verður haldið dagana 8., 10., 15., 17., 22. og 24 janúar og er kennt frá kl. 16:30 til 19:30.

Námskeiðið fyrir starfsfólk mötuneyta verður haldið 9., 11., 15., 18., 22. og 23 janúar. Kennt er frá klukkan 14:00 til 17:00.

Nánari upplýsingar veitir Ingunn Þorsteinsdóttir á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða í tölvupósti inga@efling.is

Smelltu á www.efling.is



Námsflokkar Hafnarfjarðar
Miðstöð símenntunar

Vorönn 2002

Innritun í almenna flokka fer fram dagana **21.-24. jan.** á skrifstofu Námsflokka, Strandgötu 31, 2. hæð, milli klukkan **13 og 19**. Upplýsingar í síma **585-5860**.

Kennsla hefst skv. stundaskrá **28. janúar í Flensborgarskóla.**

Tungumálanám-byrjenda og framhaldsnámskeið: Enska. Danska. Ítalska. Norska. Sænska. Franska. Spænska. Þýska. Íslenska fyrir útlendinga. Stafsetning. **Handverks- og listgreinar:** Tréútskurður. Tálgunámskeið. Fatasaumur. Bútasumur. Eldsmíði. Hnífagerð. Leðurvinna. Leirmótun. Málun. Teikning og grafík. Myndlist-leirmótun fyrir börn og unglinga. Skrautritun og leturgerð byrj. Skrautritun og skreytingar framh. Glerskurður. Glerbræðsla. Keramikmálun.

Hagnýt og gangleg námskeið: Hönnun og skipulagning heimilisgarðsins. Skjólveggir og sólpallar. Val og skipulag trjá- og runnagróðurs. Sumarbústaðalandið. Tölvubókhald-Navision Financials. Alm. tölvunám. Bókhald og rekstur. Excel töflureiknir. Photoshop. Internet og tölvupóstur. Fluguhýtingar. Fluguköst. Skattskýrslugerð.

Framandi og fróðleg námskeið: Matargerð. Stjörnuspeki. Að leggja og túlka Tarotspil byrja og framhaldsnámskeið. Dulspeki.

Námsaðstoð fyrir nemendur í 10. bekk í samræmdum greinum. **Prófáfangar í samstarfi við Flensborgarskóla.** Íslenska. Stærðfræði. Enska. Þýska. Ítalska. Spænska. Tölvunám. **Innritun 14.-16. jan. kl. 13-17. Námskeið fyrir dagmæður. Námskeið fyrir eldri borgara.**

Nánari uppl. er að finna á heimasíðu www.namsflokkar.hafnarfjordur.is

Námskeið fyrir starfsmennn í kennaramötuneytum



Undanfarnar vikur hefur verið í gangi námskeið í samvinnu Eflingar-stéttarfélags og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar fyrir starfsmenn sem vinna í kennaramötuneytum.

Námsefnið hefur verið mjög fjölbreytt m.a. skyndihjálp, samskipti á vinnustað, næringarfræði, samsetning matseðla og nýting matvæla,

hreinslæti, matreiðsla, sýnikennsla og núna í dag er einelti á dagskrá. Það er ekki hægt að segja að þetta námskeið hafi verið einhæft.

Það er líka alltaf mjög skemmtilegt að hitta starfsmenn í öðrum mötuneytum og ekki síst bera saman bækur sínar.



Trúnaðarmenn

Vinsælar peysur



Þeir trúnaðarmenn Eflingar sem lokið hafa grunnnámskeiði fyrir trúnaðarmenn hafa nú allir fengið tilboð um að eignast sérmerktar flís-peysur þeim að kostnaðarlausu.

Peysurnar eru fallegar með brjóstmerki Eflingar og er skemmst frá því að segja að þær hafa komið í góðar þarfir og verið vinsælar meðal

trúnaðarmanna. Með þessu framtaki hefur Efling viljað sýna með litlum en áberandi hætti þakklætisvott fyrir það óeigingjarna starf sem mjög margir trúnaðarmenn á vinnustöðum inna af hendi fyrir félagi sína og Eflingu.



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

við sjáum um fjármálin

Heimilislínan er viðtæk fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og heimili sem hægt er að sníða að þörfum hvers og eins. Þjónustan er ætluð skilvisum viðskiptavinum sem vilja nýta sér fjölbreytt þjónustuúrval bankans á hagstæðum kjörum. Í þjónustunni felst m.a.

- **Hærri innlánsvextir**
- Allt að 500.000 kr. yfirdráttarheimild á Gullreikningi án ábyrgðarmanna
- **Lægri vextir** á yfirdráttarheimild og eingöngu er greitt fyrir nýttu heimild
- **Visa Farkort** eða **MasterCard Heimskort**
- Aðgangur að Heimilisbankanum á Internetinu
- Allt að 500.000 kr. skuldabréfalán til allt að fimm ára án ábyrgðarmanna
- Allt að 1.000.000 kr. reikningslán á hagstæðum kjörum
- **Greiðsluþjónusta** með útgjalda-dreifingu, mánaðargjald
- **Útgjaldadreifing** í Heimilisbankanum á Internetinu
- **Netklúbbur** Heimilislínu
- **Húsnæðislán** til allt að 25 ára
- **Ódýrari bílálán** Lýsingar
- **Ekkert árgjald**

HEIMILISLÍNA
EINFALDAR FJÁRMÁLIN

www.bi.is



BÚNAÐARBANKINN
Traustur banki



Jakob Jakobsson

Vinsæll jólaplatti á Jómfrúnni

- rætt við Jakob Jakobsson smurbrauðsjómfrú

Staðurinn var opnaður í byrjun árs 1996 í Lækjargötunni og hér starfa 12 til 15 manns, sagði Jakob Jakobsson, þegar hann var spurður um Jómfrúna. Við bjóðum aðallega upp á dönsk smurbrauð og heita frokostrétti. Einnig erum við með veitingaþjónustu þar sem fyrirteki og stofnanir panta mikið t.d. fyrir fundi og móttökur. Í hádeginu kemur mikið af fólki hingað sem vinnur í miðbænum þar á meðal eru þingmenn og ráðherrar og svo líta ferðamenn inn öðru hvoru.

Fyrir jólin bjóðum við upp á jólaplatta með sjö réttum bæði heitum og köldum. Þar bjóðum við upp á nokkra kjötrétti, ýmsa síldarrétti, osta og fleira.

Hugmyndin að jólaplattanum varð til hjá dönskum veitingamanni á stríðsárunum en þá var veitingahúsum bannað að afgreiða fólk með meira en einn disk með mat. Það þýddi að ekki var hægt að panta margrétta máltíðir og þá datt honum í hug að gera sjö hól á diskinn og bjóða upp á sjö mismunandi rétti. Þannig varð jólaplatti til og hefur haldist síðan. Veitingamanninum var reyndar stungið í fangelsi fyrir tiltækið en bara í skamman tíma..

Jólastemmningin hjá okkur byrjar 1. desem-

ber og lýkur á Þorláksmessu og svo tökum við okkur frí milli jóla og nýárs. Ég læt hér fylgja uppskrift af jólaplattanum 2001 og jólaglögg því eitt sinn var mjög til síðs að fá sér jólaglögg í desembermánuði en það lagðist niður og er mér nær að halda að ástæðan hafi verið hve litla natni við lögðum í tilbúninginn á þessum annars góða drykk sagði Jakob Jakobsson smurbrauðsjómfrú að lokum og fylgir uppskrift af því hér.

Sjö rétta jólaplatti

- 1 jóla-síldarsalat
- 2 þingvallamurta m /Lime sósu
- 3 lifrarkæfa m /steiktum sveppum og þúrtvíni
- 4 hangikjöts-tartar m / sterku sinnepi og vinagrette
- 5 svínasteik m /brúnuðum kartöflum og sósu
- 6 hörpuskel og rækjur í rjómasósu
- 7 brie ostur

Plattinn er borinn fram með brauði og smjöri ásamt heitum sósum.



Jólaglögg fyrir 8 manns

- 60 gr rúsínur
- 40 gr möndlur (klofnar)
- 3 dl þúrtvín
- 1 msk sítrónusafi
- 1 dl appelsínusafi (tropí)
- 1 fl. rauðvín
- 3-4 msk sykur
- 1/2 tsk vanillusykur
- hnífsoddur kanill
- 2 msk Grand Mariner

Blandið saman rúsínum, möndlum, þúrtvíni, sítrónusafa og appelsínusafa og látið biða í ca. 3 tíma. Hitið rauðvínið og hrærið sykri úti ásamt vanillusykri og kanil. Setjið nú möndlu/þúrtvínslögin úti og haldið hitanum á í ca. 10 mín. Setjið Grand Mariner úti rétt áður en borið er fram.

Jólaglögg á ekki að bera fram heitt heldur volgt.

Njótið nú veitinganna.



Reykjavíkurborg
Hreinsunardeild gatnamálastjóra
Skúlatúni 2, Reykjavík • Sími 563 2480 • Fax 562 8082

SAMSKIP



Guðmundur Jónasson ehf.

Ferðaskrifstofa
Gistiheimili
Sérleytis- og hóptænur
Borgartúni 34, Reykjavík
Sími 511 1515 Fax 511 1511
Email: gjtravel@gjtravel.is
www.gjtravel.is



GLERTÆKNI ehf
GRÁNÁMYR 3 • 270 MOSFELLSSÍÐI • SÍMI 568388 • FAX 568389



**MJÓLKURBÚ
FLÓAMANNA**

HAMPIÐJAN



**Bændasamtök
Íslands**



Starfsgreinasamband Íslands



MEISTARAFÉLAG HÚSASMÍÐA
LÖNGUEY 10 • REYKJAVÍK • Sími 555 1571 Fax 555 1577
Fax 555 1550 • HÚSASMÍÐA, 200000 1000



JARÐBORANIR

ÍSTAK



**Deloitte
& Touche**



Pósthólf 8353 • 128 Reykjavík



**SÆLGÆTISGERÐIN
DRIFT SF**
Sími 555 3105 • Fax 555 4740
Pósthólf 118 • 222 Hafnarfærði



Borgarverkfræðingur

Skúlatúni 2 - 105 Reykjavík
Sími 563 2310 Fax 562 4034



VÆLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS



GARDABÆR

**BÓN- OG
ÞVOTTASTÖÐIN**
SÓLTÚNI 8



SEMENTSVÆRKSMIÐJAN



**ÚTFARARSTOFA
HAI NARI JARÐAR**
HAFNARSTRÆTI 10 • 105 REYKJAVÍK
Sími 566 5800

VST



RAFIÐNAÐARSKÓLINN
Skelfan 11b • Sími 568 5010



Skeljungur hf.



S: 533 2200



Heimasíða Eflingar www.Efling.is

Eftir að Efling endurbætti heimasíðu sína í maí sl. hefur verið stöðugt vaxandi umferð um síðurnar. Heimsóknir á hverjum mánuði hafa verið á milli 1.200 og 1.500 eða á milli 35 og 50 á dag að meðaltali. Mesta ásókn virðist vera fyrri hluta vikunnar en minnst um helgar. Starfsmenn á skrifstofum Eflingar hafa orðið varir við þessa miklu aukningu enda er hægt að sækja alla kjarasamninga og eyðublöð á heimasíðurnar á einfaldan hátt. Ef þú ert óviss um hvort eitthvað efni sé að finna á heimasíðunum eða ert með tillögu um efni inná síðurnar getur haft samband (s. 510-7500 eða efling@efling.is) og við leiðbeinum þér um heimasíðu Eflingar. Tilvísanir við textann hér á síðunni sýna hvar finna má viðkomandi upplýsingar á heimasíðunni.



Heimasíða Eflingar hefur að geyma flestar nauðsynlegar upplýsingar um félagið ásamt því sem hægt að að sækja þangað samninga og ýmis eyðublöð tengd starfi félagsins. Við viljum hvetja þig um leið og þú lest þennan texta að opna á netinu á vefslöð Eflingar þ.e. www.efling.is

Heimasíðan er skipulögð þannig að á upphafssíðunni, **Forsíðu**, er að finna nýjustu fréttir hverju sinni ásamt nokkrum mikilvægum tenglum. Til viðbótar forsíðunni eru 7 undirsíður sem hver um sig geymir efni tengt viðkomandi málaflokki.

Síðan um **Kjaramál** geymir alla samninga félagsins ásamt launatöflu og nýjustu upplýsingum sem við eiga á hverjum tíma s.s. orlofs- eða desemberuppbót. Á síðunni **Um félagið** er



því að gera ítarlega grein fyrir þeim fræðslutíðum sem félagið stendur að, hvort heldur um er að ræða félagslega fræðslu eða starfsmenntun.

Síðan **Atvinnuleysi** geymir allar upplýsingar sem fólk þarf að þekkja ef sækja á um atvinnuleysisbætur og síðan **Útgáfa Fréttablöð** hefur að geyma útgáfu Eflingar í tímaröð.



gerð grein fyrir sögu félagsins, lögum þess, stjórn og starfsmönnum, þar er einnig að finna eyðublað um inngöngu í félagið ásamt upplýsingum um launatengd gjöld.

Á **Orlofsjódssíðu** er að finna yfirlit yfir öll orlofshús og hægt er að sækja um orlofshús á vefnum, þar er einnig að finna ýmsa mikilvæga tengla sem gott er að skoða þegar haldið er í orlofshús.

Sjúkrasjódssíðan geymir reglugerð sjúkrasjóds og útskýrir á sérstökum undirsíðum (tenglum) hvern bótaflokk sjúkrasjóds fyrir sig. Þar er einnig að finna eyðublað sem umsækjendur geta prentað út.

Síðan **Fræðslumál** geymir upplýsingar um alla fræðslusjóði félagsins, hvað skilyrði þarf að uppfylla til að sækja um fræðslustyrki ásamt





Anna Hermannsdóttir fræðslustjóri Leikskóla Reykjavíkur afhendir rós við útskrift á 100 stunda fagnámskeiði Eflingar

Leikskólar Reykjavíkur

Hljóta starfsmenntaverðlaun 2001

Leikskólar Reykjavíkur urðu fyrir valinu hjá dómnefnd Menntar til að hljóta starfsmenntaverðlaun í flokki fyrirtækja. Leikskólar Reykjavíkur hafa á síðustu tveim áratugum verið í forystu hvað varðar þróun starfsmenntunar fyrir sitt starfsfólk.

Leikskólar Reykjavíkur hafa haft samningsbundin námskeið fyrir ófaglærða starfsmenn sem vinna á leikskólum og gæsluvöllum í um tvo áratugi. Þessi námskeið hafaf verið unnin í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag en áður Sókn. Námskeiðunum hefur fjölgað í gegnum

árin og eru nú afar vel skilgreind til að veita starfsmönnum meiri færni í starfi og auka möguleika þeirra til frekarar náms.

Þá hafa Leikskólar Reykjavíkur tekið þátt í að þróa nýjar leiðir til að bæta við sig menntun. Má þar nefna aðfararnám sem haldið var í K Í. Og nú í vetur þá vinnu sem unnin hefur verið við undirbúning að stuttri starfsmenntabraut fyrir leikskólaleiðbeinendur. Fyrir þessi störf og fjölbreytta námskrá sem unnið er eftir árlega fá Leikskólar Reykjavíkur

Framhald af bls. 6

kvæði um til hvaða ráða verður gripið.

Við hljótum einnig að horfa til þess að samráð af hálfu stjórnvalda hefur verið í molum og þar duga engar afsökunarbeiðnir þegar ljóst er að t.d. skattatillögur taka ekkert mið af hagsmunum okkar fólks. Það gengur ekki að ríkisstjórnin axli ekki ábyrgð á efnahagsstefnunni og láti stofnanir úti í bæ ákveða meginþætti eins og vexti og hafi ekki skoðun á því hvað er að gerast. Einnig verður ríkisvaldið að viðurkenna þá meginstaðreynd að laun á almenna markaðnum ákvarði launastefnu í landinu og

taki mið af heildarhagsmunum. Við verðum að láta það sem við lifum af ráða launastefnunni. Við lifum ekki á hlutabréfapappírnum einum saman a.m.k. ekki almennt launafólk.

Að mínu mati er mikilvægasta verkefni okkar í dag að finna ráðstafanir sem gagnast launafólki og leiða til lækkandi verðbólgu. Það er erfitt að sjá að hægt sé að framlengja líf þessa samnings óbreytt. Svo mikið er ljóst. Ef viðfangsefnið tekst ekki þ.e. að lækka verðbólguna og ríkisstjórnin endurskoðar ekki efnahagsstefnuna, þá getum við lent í því að þurfa að segja upp launalið samninga.

Upplýsingaveita um námsframboð

MENNT — samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla sem Alþýðusamband Íslands á aðild að vinnur nú að uppsetningu á svokallaðri upplýsingaveitu um námsframboð á starfstengdu námi á Íslandi. Um er að ræða gagnagrunn um námsframboð sem allir geta nálgast á veraldarvefnum. Í þessum gagnagrunni verður yfirlit yfir allt nám sem í boði er og hægt er að fá upplýsingarnar flokkaðar eftir námfögum, lengd, staðsetningu og fleiri valmöguleikum. Þá felur gagnagrunnurinn einnig í sér ákveðið gæðakröfuferli og stöðlun á upplýsingum sem þeir sem vilja kynna námskeið í grunninum verða að undirgangast. Upplýsingaveitan mun því veita góða yfirsýn yfir starfsnám á Íslandi gera alla leit og ákvarðanir mun einfaldari og öruggari fyrir neytandan. Að líkindum verður veitan opnuð í febrúar og munum við gera nánari grein fyrir möguleikum hennar þegar nær dregur.



Smelltu á www.efling.is

1234 5678 9012 345

1234

9876 5432 1098 7654

Botnlaus brunnur upplýsinga

Hjá Hagstofunni getur þú fengið upplýsingar um allt sem viðkemur tölum um Ísland og Íslendinga; fjölda, vinnumarkað, atvinnuvegi neyslu og fleira. Leitaðu til okkar, við bjóðum upp á fjölbreytta þjónustu við talnanotendur.

Útgefin rit

Landshagir • Hagskinna • Hagtiðindi • Kosningaskýrslur • Vinnumarkaður • Konur og karlar Ísland í tölum • Utanríkisverslun • Umhverfistölur • Sveitarstjórnarreikningar • Norræn tölfræðihandbók • Hagtölur án landamæra



Hagstofa Íslands

Skuggasundi 3
Sími 560 9800
www.hagstofa.is

Félagsfundur Eflingar

Átelur seinagang í viðræðum við sjúkraliða



Frá félagsfundi Eflingar

Námskeið löntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar
réttindanámskeið fyrir vinnuvélistjóra

Rannsóknarmenn
starfsnám til aðstoðarstarfa á rannsóknastofum

Verkstjórar
námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn
árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningatækni
fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja
fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Umsjónarmenn fasteigna
starfsnám fyrir starfandi og verðandi umsjónarmenn

Nánari upplýsingar í sínum **570 7100, 570 7289** og á vefsíðu okkar **www.iti.is** um þetta og margt fleira

**NÁM
SKEIÐ**

löntæknistofnun

Félagsfundur Eflingar samþykkti nýlega samhljóða ályktun um stöðu sjúkraliðadeilunnar þar sem seinagangur í deilunni af hálfu ríkisins er harðlega átalinn. Ályktunin fer hér á eftir.

Efling-stéttarfélag átelur harðlega þann seinagang sem verið hefur í viðræðum ríkisins og Sjúkraliðafélags Íslands, sem leitt hefur til vinnustöðvana og óviðunandi ástands á mörgum sjúkrastofnunum landsins.

Félagið minnir á að það er sameiginlegt hagsmunamál starfsmanna heilbrigðisstétta, stéttarféлага þeirra og stjórnvalda að viðkvæmum rekstri sjúkrastofnana sé ekki raskað með þeim hætti sem nú er orðið raun á. Áframhaldandi átök við sjúkraliða munu leiða til ófremdarástands fyrir íbúa og skjólstæðinga stofnanna. Félagið minnir á þann fjölda félagsmanna Eflingar sem sinna mikilvægum störfum við hlið sjúkraliða og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Stjórnvöld hafa því miður aldrei viðurkennt ummönnum starfsmanna á sjúkrahúsum og stofnunum þannig til launa að þau þyki eftirsóknarverð og fái þá ímynd í huga almennings sem þeim ber.

Efling-stéttarfélag skorar á stjórnvöld að taka þegar í stað upp alvöru viðræður við sjúkraliða með það að markmiði að leysa vinnudeiluna áður en til enn alvarlegra ástands kemur.

Smelltu á www.efling.is

Hvers vegna viðbótar- lífeyrissparnaður?



Velmegun í heiminum hefur vaxið mjög hratt á undanförunum áratugum. Í kjölfarið hefur frítími fólks aukist og allir eru nú meðvitaðri um góð áhrif hreyfingar og holls mataræðis á heilsu sína. Þessi þróun leggur grunninn að góðri heilsu og auknum lífsgæðum á eftirlaunaárunum og eru nú sífellt fleiri og fleiri sem kjósa að hætta störfum fyrr á vinnumarkaði.

Til þess að njóta eftirlaunaáranna sem best er nauðsynlegt að hver og einn búi í haginns fyrir sig fjárhagslega og þá er viðbótarlífeyrissparnaður hagstæðasta sparnaðarleiðin sem völ er á.

Mótframlag launagreiðenda er stór þáttur í séreignarsparnaði og er í raun launahækkun sem um var samið í kjarasamningum og allir ættu að nýta sér með því að taka þátt í sparnaðinum.

Mótframlag launagreiðenda hækkar í janúar!

Ert þú einn af þeim sem eignast þessa peninga?

Dæmi miðað við 100.000,-kr. laun og 4% framlag launþega:

	Í dag		1. janúar 2002	
Framlag launþega	4%	4.000,-kr.	4%	4.000,kr.
Framlag launagreiðenda	1%	1.000,-kr.	2%	2.000,kr.
Framlag ríkis	0,4%	400,-kr.	0,4%	400,kr.
Samtals í sparnað		5.400,-kr.		6.400,kr.

(Athugaðu, að þitt framlag er tekið áður en skattur er reiknaður þannig að ef þú greiðir 4.000,-kr. í séreignarsjóð, lækka útborguð laun aðeins um 2.450,-kr.)

Peir sem hafa ekki verið með hingað til ættu að hugsa sinn gang og byrja núna og næla strax í hækkunina sem verður um áramótin. Þetta eru peningar sem við eigum rétt á en eignumst ekki nema að vera þátttakendur í séreignarsparnaði.

Á næstu blaðsíðu er umsóknareyðublað í Séreignarsjóð Framsýnar sem þú getur fyllt út og sent til sjóðsins.

Við hvetjum þig til að kynna þér kosti þess að greiða í séreignarsparnað.

Hafðu samband við Séreignarsjóð Framsýnar í síma 515-4700 eða 515-4751 og þér verða veittar nánari upplýsingar. Þú getur einnig fengið nánari upplýsingar og skráð þig á heimasíðu sjóðsins á www.framsyn.is.

**Vertu með og nældu þér í hækkunina um áramótin!
Það er aldrei of seint að byrja!**



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAD Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit ef lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**

Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**

Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Á þöndum vængjum...

...inn í nýja tíma



Vöxtur og velgengni Spv hefur sýnt að honum hefur tekist að ávinna sér hollustu og traust á liðnum fjórum áratugum og erum við hjá Spv viðskiptavinum okkar þakklát fyrir það traust sem að þeir sýna okkur. Í tilefni þessara tímamóta höfum við sett Gulldebetkortið okkar í nýjan búning. Spv býður handhöfum Gulldebetkortsins ýmis forréttindi, sérstök kjör og fríðindi umfram þá sem nota venjuleg debetkort. Þannig færir Gulldebetkortið handhafa sínum umtalsverðan fjárhagslegan ávinning.

Ávinningur þinn af Gulldebetkorti er:

- Lægri útlánsvextir.
- Háir innlánsvextir.
- Gulltrygging Alþjóða líftryggingarfélagsins.
- Allt að 150 fríar debetkortafærslur á ári.
- Frítt Gullkreditkort.
- Aðgangur að Heimabanka Spv.
- Margvísleg önnur fríðindi sem verða kynnt jafnóðum og þau bjóðast.


spv
Sparisjóður
vélstjóra

www.spv.is

Borgartún 18 • Rofabær 39 • Síðumúli 1
Sími 575 4100

Hæstaréttardómur í máli Eflingarfélaga

Leitið aðstoðar ef slys ber að höndum



Hinn 4. október sl. var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli sem Eygló Héðinsdóttir höfðaði gegn Reykjavíkurborg og ríkinu. Með dóminu var Reykjavíkurborg gert að greiða Eygló skaðabætur að fjárhæð 1.760.679 kr. auk vaxta og málskostnaðar.

Tildrög málsins voru þau, að hinn 14. september 1993 fór Eygló, sem vann við ræstingar í Selásskóla, með ræstingastjóra inn í ræstingageymslu í kjallara skólans til að kanna birgðir ræstingavara. Ræstingastjórinn gekk á undan inn í geymsluna en steig til hliðar yfir opna lúgu á gólfinu. Eygló sem hvorki vissi um lúguna né að hún væri opin gat ekki varast hana og steig niður um opið og hrasaði. Hlaut Eygló varanlega áverka á hné og bak. Slysíð var hvorki tilkynnt til Vinnueftirlits né lögreglu og rannsókn fór ekki fram á aðstæðum fyrr en eftir að Eygló leitaði til Eflingar rúmm þremur árum eftir slysíð. Deilt var um skaðabótaskyldu og jafnframt vísuðu Reykjavíkurborg og ríkið hvor á annan um ábyrgð.

Í niðurstöðu Hæstaréttar var ábyrgð lögð á Reykjavíkurborg með þeim röksemdum að ræstingastjóranum, sem var starfsmaður Reykjavíkurborgar, hafi borið að vara Eygló við hættunni sem stafaði af opinni lúgunni, en ekki var talið að lúgan hefði verið vanbúin eða að

rekja mætti slysíð til starfa skólastjórans sem starfsmanns ríkisins.

Jákvæð niðurstaða

Niðurstaðan var eðlilega gleðiefni fyrir Eygló en af málinu geta Eflingarfélagar dregið ýmsa lærdóma. Vanræksla skólastjóra og ræstingastjóra á að tilkynna slysíð leiddi til verulegs sönnunarvanda og vinnu lögmanns við gagnaöflun og ekki tókst að upplýsa hverjir hefðu skilið lúguna eftir opna og báru beina ábyrgð. Nauðsyn ber til þess að Eflingarfélagar séu meðvitaðir um að gera kröfu til þess að öll vinnuslys séu tilkynnt og rannsökuð strax. Á þetta hefur margsinnis verið bent en sífellt koma upp dæmi þar sem vinnuslys eru ekki tilkynnt og þar með ekki rannsökuð.

Í þessu tilviki olli þessi vanræksla því að stefna þurfti málinu fyrir dóm og reka það bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Atvinnurekendur og verkstjórnir þeirra er að lögum skylt að tilkynna um slys og vanræksla á því er túlkuð þeim í óhag við sönnunarmat. En vanrækslan skapar margvísleg óþægindi fyrir tjónþola og uppgjör bóta kann að dragast úr hófi, eins og hér var raunin, bæði vegna síðbúinnar og erfiðrar gagnaöflunar og þar sem Reykjavíkurborg og ríkið vísuðu um ábyrgð hvor á annan. Verkaskipting milli Reykjavíkurborgar og ríkisins er einnig illa afmörkuð og ættu þessir aðilar að sjá sóma sinn í að bæta þar úr í stað þess að láta óljósa verkaskiptingu bitna á starfsmönnum sínum. Þá verður enn og aftur að brýna fyrir Eflingarfélögum að leita strax aðstoðar lögmanna félagsins ef slys ber að höndum.

Atli Gíslason, hrl.

Vanræksla skólastjóra og ræstingastjóra á að tilkynna slysíð leiddi til verulegs sönnunarvanda



Efling-stéttarfélag

Mikill árangur í starfsmenntamálum

- á sjöunda hundrað manns með einstaklingsstyrki

Starf Eflingar - stéttarfélag að fræðslumálum er farið að setja mark sitt á flesta starfshópa innan félagsins og stöðugt fleiri félagsmenn og fyrirtæki á svæði félagsins njóta góðs af. Annarsvegar má hér þakka vel heppnaðri sameiningu félaganna sem að Eflingu standa en einnig þeim einbeitta vilja félagsmanna og forystu félagsins sem í síðustu kjarasamningum skiluðu okkur fræðslusjóðum fyrir öll svið félagsins. Þessir fræðslusjóðir, sem eru allir reknir í góðri samvinnu við atvinnurekendur, standa nú undir viðamiklu fræðslustarfi ásamt því að leggja grunninn að þróunar- og tilraunastarfi sem mun til framtíðar gera fræðslumál að grundvallarþætti í starfi félagsins.

Fjölbreytt starf – fyrir marga hópa

Við höfum komið víða við á þeim fáu mánuðum sem liðnir eru síðan starf fræðslusjóðanna fór af stað. Styrkir til einstaklinga hafa verið um 9 milljónir til á sjöunda hundrað félagsmanna þar sem félagsmenn velja sér nám að eigin vali. En þar til viðbótar hefur félagið í samvinnu við atvinnurekendur styrkt og staðið að ýmsum nýjungum í starfsmenntamálum, nýjungum sem varla hefðu verið mögulegar án fræðslusjóðanna. Má hér nefna þætti á borð við GrunnMenntaskólann sem er 300 stunda almennt nám, Hafnarskólann fyrir starfsmenn skipafélaga, sérstakan skóla fyrir starfsmenn á bensínstöðvum, starfsnám fyrir hlaðmenn hjá flugfélögum, Gullbrúna sem er almennt samskipta og hvatningarnámskeið, íslenskunám fyrir erlenda félagsmenn, nám fyrir hótelpernur, dyraverði og aðstoðarfólk við framreiðslu eru í lokaundirbúningi, og nám fyrir starfsfólk við ræstingu og í mötuneytum eru einnig í undirbúningi. Þá er samningsbundið starfsnám stór þáttur hjá félaginu s.s. starfsnám fyrir starfsmenn Félagsþjónustunar í Reykjavík, starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur og starfsmenn á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum. Einnig má hér nefna nám fyrir starfsmenn hreinsunar-deildar borgarinnar, starfsmenn Strætó, starfsmenn í mötuneytum hjá grunnskólum Reykjavíkur og starfsnám fyrir gangaverði í grunnskólum hjá Kópavogsbæ.

Þróunarstörf og nýmæli

Til viðbótar við þau dæmi sem hér hafa verið rekin hafa starfsmenntasjóðir félagsins einnig ríku hlutverki að gegna við þróunarstarf og athuganir á nýjum möguleikum. Dæmi hér um er samningur við Menntafélag byggingariðnaðarins um þróun og uppsetningu á námi fyrir



byggingarverkamenn, samningur við Fræðsluráð málmiðnaðarins um athugun á námsþörfum í málmiðnaði og verið er að skoða þátttöku í viðamikilli könnun á framtíðarþörfum ferðaþjónustunnar fyrir menntun. Þá er einn af fræðslusjóðum félagsins í alþjóðlegu samstarfi um þróun í starfs- og námsráðgjöf úti á vinnustöðum, en ráðgjöf til félagsmanna um starfsmenntun og starfsþróun er grundvallarþáttur ef markviss árangur á að nást í starfsmenntun.

Fjármunir beint í fræðslu

Í öllu þessu starfi félagsins höfum við lagt áherslu á að vinna með sem fjölbreyttustum hópi fræðsluðila og skipuleggjenda á fræðslu. Þar er um að ræða einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki sem hver um sig eru fremst á sínu sviði. Það hefur frá upphafi verið megin stefna Eflingar að setja ekki fjármuni í yfirbyggingu eða í að setja á formlega skólafestun. Við viljum nýta fjármuni fræðslusjóðanna beint til að koma á fræðslu, þróa efni til fræðslu og vinna að auknum skilningi á nauðsyn stöðugar starfsmenntunar fyrir alla okkar félagsmenn. Við erum að stíga fyrstu skrefin og horfum bjartsýn til framtíðar.

Styrkir til einstaklinga hafa verið um 9 milljónir





Einar Marinósson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís og Harpa Steingrimsdóttir stöðvarstjóri

Bensínafgreiðslumenn

Fáum betri og ánægðari starfsmenn

-segir Einar Marinósson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís

Einar Marinósson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olís, situr sem einn fulltrúi atvinnurekenda í stjórn Starfsafls, fræðslusjóðs Flóabandalagsins. Eflingarblaðið ræddi við hann á dögnum um fræðslumál launafólks og spurði hann fyrst hvaða vonir hann bindur við Starfsafl?

Samstarf verkalýðsfélaga og atvinnurekenda er mjög áhugavert og nauðsynlegt og þannig eru miklu meiri líkur á að þoka fræðslumálum áfram, ekki síst fyrir ófaglærða sem mér hafa fundist sitja um of eftir í menntun undanfarin ár. Þar kemur líka til að efla þarf markvisst áhuga ófaglærðs starfsfólks og vilja til menntunar. En því miður er fólk oft ekki nógu duglegt að grípa tækifærin sem bjóðast. Menntun kemur starfsfólki til góða og gefur möguleika á að sækja til nýrra starfa sem skapar meiri hreyfanleika og tilbreytingu.

Hefur sjóðurinn staðið undir væntingum þínum?

Samvinnan í sjóðsstjórninni hefur verið mjög góð og þar hafa málin verið rædd á faglegan og jákvæðan hátt. Nokkur stærri verkefni hafa

verið sett af stað og einstök verkefni hafa verið unnin með fyrirtækjum. Þá eru einstaklingar studdir með styrkjum. Verkefnastjórinn okkar, Marianna Traustadóttir hefur verið ötul og áhugasöm um að móta starfið með stjórninni og ýta verkefnum úr höfn og fylgjast með framgangi þeirra.

Er aukin menntun forsenda aukinnar framleiðni og þjónustu?

Það hefur komið fram hvað eftir annað að við stöndum öðrum þjóðum enn að baki í ýmsum framleiðnimælikvörðum og ein af leiðunum til að auka framleiðni og skapa úrvals þjónustu er betur menntað starfsfólk.

Nýjar vélar, upplýsingatækni, samskipti við útlönd, fjölbreyttara og flóknara þjóðlíf, erlendir ferðamenn, útrás íslenskra fyrirtækja og ýmislegt fleira gerir kröfur um aukna menntun.

Skóli fyrir bensínafgreiðslumenn

Nú er skóli fyrir bensínafgreiðslumenn að hefja starfsemi. Ertu ánægður með það framtak?

Já, mjög ánægður og ég er sannfærður um að

úr skólanum koma betri og ánægðari starfsmenn þeim til gagns og ekki síður fyrirtækjunum. Hjá Olís er mikill áhugi fyrir þessu og hefur bæði starfsmannastjórnin, starfsfólk markaðssviðs og starfsfólk af þjónustustöðvunum komið að undirbúningnum. Ég vona að vel takist til við að kynna skólann og skapa hvatningu hjá fólki til að notfæra sér þennan möguleika.

Þú gengdir starfi starfsmannastjóra hjá Olís um nokkurt skeið. Hefur vinnuumhverfið ekki breyst mikið og hafa kröfur um menntun starfsmanna ekki aukist á undanfórnum árum?

Mikil breyting í fyrirtækinu

Það er engin spurning að umhverfið hefur breyst mikið á síðustu árum bæði við þjónustu og skrifstofustörf. Ný tækni kallar á nýja tegund kunnáttu þó svo að grundvöllurinn sé að miklu leyti óbreyttur. Á þeim vettvangi sem ég hef starfað hefur orðið mikil breyting. Gamla bensínstöðin er horfin víðast hvar en í staðinn komnar tæknilegar og nútímanlegar verslanir með fjölbreyttu vöru og þjónustuvæði. Tölvutækni hefur tekið við af gamla búðarkassanum og skráningar á vöruflæði t.d. á milli heildsölu og smásölu eru að breytast yfir í sjálfvirkar skráningar þar sem staðfestingar er fremur

Ný tækni kallar á nýja tegund kunnáttu þó svo að grundvöllurinn sé að miklu leyti óbreyttur



þörf en innsláttar. Á lagerum eru starfsmenn með þráðlausa senda og tölvur og fer tiltekt vara fram samkvæmt fyrirmælum og skipulagningu sem unnin er í tölvum. Þessu fylgja ný vandamál og oft býsna flókin og nú reynir meira á skipulagningu, ferli, viðbragðsáætlanir og svo framvegis.

Samkvæmt síðasta kjarasamningi mun fræðslusjóðurinn starfa út samningstíman sem rennur út 15. september 2003. Gerir þú ráð fyrir að sjóðurinn starfi áfram eftir þann tíma?

Sjóðurinn hefur starfað í eitt og hálft ár um þessar mundir og mér finnst byrjunin lofa góðu. Framhaldið að loknu þessu samningstímabili ræðst hinsvegar af því hvernig til tekst á tímabilinu í heild, en að mínum dómi er nauðsynlegt að verkalýðsfélög og starfsfólk fyrirtækjanna starfi með atvinnurekendum að menntamálum í einu eða öðru formi á hverjum tíma.

...og kroppurinn blómstrar



FRÍ HEIMSENDING

ef þú kaupir
fyrir 1500 kr.
eða meira



VEITINGA & VÖRUHÚS

NINGS

Suðurlandsbraut 6 Reykjavík sími 588 9899 • Hlíðarsmára 12 Kópavogi sími 544 5222

Nýkaup, Kringlunni, sími 588 7171

GrunnMenntaskólinn fer vel af stað



Rósa Jónsdóttir leiðbeinir Pétri Viðari Elfnarsyni á tölvunni

Nú á haustdögum tók GrunnMenntaskóli fyrir Eflingarfélagi til starfa. Skólinn er miðaður við þá sem hafa í mesta lagi grunn-skólapróf af baki og er því góður kostur fyrir þá sem vilja efla sig í starfi, bæta við þekkingu og færni bæði með námi í almennum greinum s.s. í tölvunámi og tungumálum en einnig að læra sjálfstæð vinnubrögð og þjálfast í verkefnum sem styrkja launafólk á vinnu-markaði. Eflingarblaðið hitti þau Ísak Guð-jónsson og Sigríði Baldvinsdóttur að máli og spurði þau um reynsluna af fyrstu vikum í skólanum.

Smelltu á www.efling.is

Starfsmöguleikar aukast með allri menntun

-segir Ísak Guðjónsson

Hvað kemur til að þú ert sestur á skólabekk?

Ég var að fletta Fréttablaði Eflingar þegar ég rakst á auglýsingu um GrunnMenntaskólan. Og þar sem vetur er að ganga í garð og nauðsynlegt að gera eitthvað annað en að liggja heima með tærnar upp í loft ákvað ég að virkja mig í hugsun og þroska.

Hvernær fer kennslan fram og hvað er námið langt?

Það er kennt tvö kvöld í viku á þriðjudögum og fimmtudögum og svo annan hvern laugar-dag en kennslustundir verða alls 300. Í upphafi skiptum við okkur í hópa og fáum ákveðin



verkefni.

Hvaða námsefni lærið þið?

Við byrjuðum á því að fara í sjálfsstyrkingu sem var frábært og ættu allir að fara á slíkt námskeið á 5 ára fresti. Annað námsefni er enska, íslenska, stærðfræði og svo er líka kennt á tölvu m.a. ritvinnsla.

Mun námið breyta einhverju fyrir þig hvað varðar aukna menntun og betri starfsmögu-leika í framtíðinni?

Ég held að starfsmöguleikar aukist með allri menntun. En hvað mig varðar þá held ég að framhaldsskólanám freisti mín ekki núna. Ég er nokkuð sáttur í minni vinnu en ég mun örugglega halda áfram að sækja styttri eða lengri námskeið sem freista mín.

Ísak Guðjónsson er 25 ára og starfar sem fulltrúi hjá hreinsunardeild Reykjavíkurborgar



Sigríður G. Baldvinsdóttir

Sigríður G. Baldvinsdóttir

Tækifæri til áframhaldandi náms

Hvernig líkar þér námið í GrunnMenntaskólanum?

Mér líst bara vel á þetta. Hópurinn er mjög samstilltur og skemmtilegur. Við erum búin að vera í námstækni og sjálfsstyrkingu og núna er ég að læra fingrasetningu á lyklaborð við tölvu og síðan förum við í íslensku, stærðfræði og fleira.

Hefurðu vonir um að námið gagnist þér í framtíðinni?

Já, þetta gefur manni tækifæri til að velta því fyrir sér að fara út í áframhaldandi nám og líka að skipta um vinnu. Ég hefði áhuga á að læra einhverja iðn t.d. garðyrkju eða húsgagnasmíði.

Sigríður G. Baldvinsdóttir verður 41 árs í nóvember næstkomandi og hefur unnið hjá Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar í tæp fjögur ár



Ísak Guðjónsson



Sigurður Helgi Gunnarsson

Starfsnám fyrir flutningaverkamenn

Námið gefur okkur meiri möguleika

- rætt við Sigurð Hjörleifsson og Sigurð Helga Gunnarsson

Nám fyrir flutningamenn og hafnarverkamenn er hafið og þar með hafa ræst vonir um árangursríkt nám fyrir þessa hópa. Eflingarblaðið forvitnaðist um það hvernig námið gengi og ræddi við þá Sigurð Hjörleifsson og Sigurð Helga Gunnarsson. Það kom ekki á óvart að þeir voru ánægðir með námið. Við spyrjum þá m.a. hvernig þeim lítist á að vera sestir á skólabekk.

Finnst þetta frábært framtak - segir Sigurður Hjörleifsson

Mjög vel, mér finnst þetta frábært framtak og námið er sérstaklega vel útfært fyrir byrjendur. Við lærum ensku, íslensku, stærðfræði og líka um tollalög, eiturefnaflutninga og á tölvur. Þessa dagana skiptum við okkur í tvo hópa sem eru til skiptis í ensku og tölvunámi. Í lok námstímans verður verkleg kennsla í vélfræði. Kennt er tvo daga í viku á dagvinnutíma

þannig að við fáum greidd laun fyrir námstímann sem verður c.a. 200 kennslustundir.

Hefurðu væntingar um að námið muni hafa einhverjar breytingar í för með sér t.d hvað varðar starfsmöguleika og launamál þín?

Ég reikna ekki með að námið muni hafa áhrif á launin okkar hjá Samskip til að byrja með en það er aldrei að vita hvað síðar verður. Hvað starfsmöguleika varðar þá held ég að menntaður verkamaður hafi í flestum tilfellum meiri möguleika þegar sótt er um starf en verkamaður með enga menntun.

Sigurður starfar við innskráningu í innflutningi hjá Samskipum



Sigurður Hjörleifsson

Sigurður Helgi Gunnarsson

Getur vakið áhuga á að sækja fleiri námskeið

Þetta er ljómandi gott. Í upphafi var farið yfir námstækni þar sem okkur var kennt hvernig auðveldast væri að læra og svo var okkur skipt í tvo hópa og núna er minn hópur að læra ritvinnslu á tölvur.

Áttu von á að námið hafi einhverjar breytingar í för með sér fyrir þig?

Já, ég held t.d. að enskunámið og tölvukennslan gefi manni færi á að sækja um önnur störf en þetta hefur ekki áhrif á launin. Það væri frekar að námið veki áhuga á að sækja fleiri námskeið í framtíðinni.

Sigurður vinnur á dráttarbíl við að færa flutningagáma á hafnarsvæði Samskipa í Holtabakka.

Leikskólakennarar og aðstoðarfólk á leikskólum í Danmörku hafna sameiningu

- 80% leikskólakennara á móti sameiningu

Félag leikskólakennara í Danmörku (BUPL) og félag aðstoðarfólks á leikskólum (PMF) hafa fellt tillögu um sameiningu félagana í eitt. Forysta beggja stéttarfélagana var sammála um hagræðingu og kosti þess að sameina félögin en félagarnir kusu á annan veg. Um 80% leikskólakennara kusu gegn sameiningunni en einnig var mikill meirihluti aðstoðarfólks á móti sameiningunni. Hluti af skýringunni fyrir andstöðu meðal aðstoðarfólks er talinn sá að sá hópur er mun fámennari í Danmörku en leikskólakennarar og hafa því e.t.v. séð fram á minna vægi í slíku heildarstéttarfélagi starfsfólks á leikskólum. Einnig blandast hér inni að félag aðstoðarfólks á leikskólum er innan danska Alþýðusambandsins en leikskólakennarar eru innan heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Í ljósi þessarar niðurstöðu er það út af borðinu að leikskólakennarar færi sig yfir til danska Alþýðusambandsins sem hafði verið í umræðunni, segir formaður dönsku leikskólakennaranna.


ISS í Danmörku hafnar því að reka fleiri leikskóla

Þjónustufyrirtækið ISS Danmörk (sem er þekkt hérlandis sem ræstingarfyrirtæki) hefur hafnað því að gera frekari samninga við hið opinbera um rekstur leikskóla víðsvegar um Danmörku. Óánægðir foreldrar, tap á rekstri og stjórnunarvandamál eru helstu ástæðurnar. Forráðamenn ISS í Danmörku segjast hafa fengið gagnrýni sem þeir vilji hlusta á og fekari rekstur muni aðeins skemma ímynd fyrirtækisins útávið.



Viltu leika við augað?

(Einblíndu á miðjuna og færðu þig svo nær)



Því ekki að drífa sig?

Innritun á vorönn er að hefjast

skúlptúr - keramik - teikning
módelteikning - vatnslitir - málun

símenntun - fullorðinsfræðsla
framhaldsskólastig - barna- og unglinganámskeið

MYNDLISTASKÓLINN
THE REYKJAVÍK SCHOOL OF ART
Í REYKJAVÍK
Hringbraut 121 • 107 REYKJAVÍK • Sími 551 1990

Veffang: www.myndlistaskolinn.is
Netfang: mynd@myndlistaskolinn.is
Hringbraut 121 - 2. hæð.
Sími 551 1990 og 551 1936.



Það er jafnan líf og fjör á jólaballi Eflingar

Jólaballið verður 5. janúar 2002



Jólaball Eflingar verður haldið laugardaginn 5. janúar. Jólaballið hefst kl. 15.00 í Versölum Iðnaðarmannahúsinu Hallveigarstíg 1 en húsið opnar kl. 14.30.

Margt verður til gamans gert

- Séra Bjarni Þór Bjarnason annast jólahugvekjuna.
- Hljómsveitin Snillingarnir sjá um dans, söng og leik með jólasveinunum
- Boðið verður upp á veitingar. Kaffi og kökur, gos og nammipoka fyrir börnin.

Miðasala verður á skrifstofu Eflingar að Sættúni 1 frá 10. desember nk. Gott er að panta miðana tímanlega, hringja í síma 510-7500 eða 510-7530

Miðaverð er: kr. 600 fyrir fullorðna
kr. 400 fyrir börn



Í S L E N S K O G G O T T

Ánægjulegur bakstur

með réttu bökunarvörunum



Viðtal við Rása Ratkute frá Litháen

Ég sakna fjölskyldunnar

Nauðsyn að læra málið

Rása Ratkute

Rása Ratkute er frá Litháen og kom til Íslands til að vinna fyrir tveim árum. Hún hefur unnið við heimilisstörf, í fiskvinnu og nú nýlega hóf hún störf við aðhlyningu aldraðra. Okkur hjá Fréttablaði Eflingar lék hugur á að vita hvernig henni hefði líðið við störf á Íslandi og hvernig móttökur hún hefði fengið á vinnu- markaðnum og spurðum því fyrst hver reynsla hennar væri af að vinna með Íslendingum.

Hún er yfirleitt góð. Ég vann fyrsta árið við heimilisstörf hjá fjölskyldu og það gekk ágætlega. Síðan var ég við fiskvinnslustörf hjá Granda og núna vinn ég við ummönnum aldraðra á Landakoti. Þetta eru ólík störf en skemmtileg hvert á sinn hátt.

Hvernig hafa vinnufélagarnir verið?

Þeir hafa verið mjög vinsamlegir og hjálplegir og þá skiptir ekki máli hvort þeir eru Íslendingar eða fólk af öðru þjóðerni.

Hver er munurinn á að starfa hér og í Litháen?

Í Litháen hefur verið efnahagskreppa í alltof mörg ár og henni fylgir atvinnuleysi og lág laun m.a. og þess vegna erum við neydd til að fara frá fjölskyldum okkar til annara landa til að vinna fyrir hærri launum. Það gefur okkur líka tækifæri til að læra erlend tungumál eins og íslensku og ensku sem getur komið sér vel en það er sorglegt að þurfa að vera í burtu frá ætt-

ingjum og vinum í langan tíma.

Ráða illa við málið

Háir það útlendingum að sumir ráða illa við málið?

Já, ef þeir vilja fá betur launuð störf, verða þeir að læra íslensku. Margir leggja mikið á sig til þess. Ég hef sjálf farið á nokkur íslenskunámskeið með vinum mínum sem eru frá ýmsum löndum og gera sér grein fyrir þessu. En svo hef ég líka heyrt fólk sem er í vinnu og er búið að koma sér upp húsnæði tala um að því finnst ekki nauðsynlegt að læra málið. Ég er því ósammála. Þeir sem ætla að búa hér til frambúðar verða að læra málið til að geta menntað þig og eiga kost á betri störfum. Ein af ástæðunum fyrir því að ég fór að vinna með gömlu fólki er að þar verð ég að tala íslensku allan daginn sem auðveldar mér að læra málið. Menntunin sem sumt fólk hefur frá heimalöndum sínum er oft einskis metin hér.

Ætlaðu að dvelja áfram á Íslandi?

Ég er ekki viss. Ég sakna fjölskyldu minnar og það er dýrt að fara heim. Launin eru ekki það há en samt vildi ég vera hér áfram í þrjú til fjögur ár og kannski lengur.

Ertu í sambandi við heimalandið þitt?

Já, ég tala mikið við fjölskylduna í síma og svo reyni ég að fara heim á hverju ári.

Það er sorglegt að þurfa að vera í burtu frá ættingjum og vinum í langan tíma



Efling-stéttarfélag

Mikilvægt að hvetja fólk til að ganga í félagið

Í Eflingu-stéttarfélagi er talsvert um að starfsmenn á vinnustöðum greiði í Eflingu en séu ekki félagsmenn. Samkvæmt lögum félagsins þarf að undirrita inntökubeiðni í félagið og koma henni til skrifstofu félagsins til að verða félagsmaður. Þeir sem helst hafa yfirsýn yfir þetta úti á vinnustöðum eru trúnaðarmenn félagsins og síðast en ekki síst sjálfir félagsmenn Eflingar. Mikilvægt er þeir séu meðvitaðir um þessi mál og hvetji alla þá sem ekki eru félagsmenn en vinna eftir jarasamningum félagsins til að gerast félagsmenn í Eflingu.

Félagsmenn Eflingar

Kynnið ykkur afslættina!

Fræðsluaðilar bjóða félagsmönnum Eflingar ýmsa afslætti

Tölvuskóli Reykjavíkur Faxafeni 10 (s. 561-6699) veitir Eflingarfélögum þriðjungsafslátt af listaverði. Skólinn gefur út sérstaka verðskrá fyrir Eflingarfélga. Einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu skólans sem er www.tolvuskoli.is

Tölvu og verkfræðipjónustan Grensásvegi 16 (s.520-9000) veitir Eflingarfélögum 15% afslátt af öllum námskeiðum sem eru 18 klst. eða styttri. 10% afsláttur er veittur af námskeiðum sem eru 19-30 klukkustundir að lengd og 5% af öðrum námskeiðum. Afsláttur miðast við að greitt sé að fullu innan 5 daga frá upphafi námskeiðsins. Einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu skólans www.tv.is

Hraðlestrarskólinn veitir Eflingarfélögum 10% afslátt. Upplýsingar eru í síma 565-9500, einnig má fá upplýsingar á heimasíðu skólans www.hradlestrarskolinn.is

Iðntæknistofnun veitir Eflingarfélögum 10% afslátt af námi sem stofnunin býður uppá s.s. nám fyrir rannsóknarmenn, gerð myndbanda, að semja með árangri o.fl.

Tölvunámskeið Gyðu Atladóttur veitir Eflingarfélögum 10% afslátt af öllum námskeiðum.

Af hverju félagsmaður?

Það gætir stundum ákveðinnar tregðu og tómletis hjá fólkum við því að gerast félagsmenn í stéttarfélaginu. Rétt er að benda á bæði þá miklu þjónustu sem félagsmenn eiga kost á auk þess að vera kjörgengur og hafa atkvæðisrétt varðandi samningamál og trúnaðarstöður í stéttarfélaginu.

Nokkur réttindi viljum við nefna til að minna á þetta.

- Greiðslur úr sjúkrasjóði – allt að 150 daga og 150 daga til viðbótar í alvarlegum veikindum.
- Greiðslur vegna sjúkrapjálfunar
- Fæðingarstyrkur
- Námsstyrkir
- Styrkir vegna krabbameinsskoðunar
- Dvöl í orlofshúsum eða leiga á tjaldvögnum
- Lögræðileg aðstoð og framtalsaðstoð
- Félagsblað sex sinnum á ári og dagbók félagsins.

Hvetjum því alla sem ekki eru í félaginu til að gerast félagsmenn í Eflingu. Munið að það þarf að ganga frá skriflegri inntökubeiðni til að verða félagsmaður. Hægt er að fá eyðublaðin á skrifstofu Eflingar eða koma á skrifstofuna að Sætúni 1. Einnig er hægt að senda inntökubeiðni á faxi.

Munum að stærð er styrkur.

STAÐGREIÐSLA SJÚRKADAGPENINGA

SKIL Á SKATTKORTUM

Frá og með 1. janúar 2002 verða sjúkradagpeningar staðgreiðsluskyldir. Þetta er gert í samræmi við reglugerð nr. 500/2001 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Þetta er gert að kröfu fjármálaráðuneytisins. Frá og með 1. janúar 2002 þurfa því umsækjendur um sjúkradagpeninga og þeir sem þegar eru að fá greidda sjúkradagpeninga frá sjóðnum að skila skattkortum til sjóðsins, ella verða sjúkradagpeningar að fullu skattlagðir. Þetta gildir jafnframt um greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags

Atvinnuleyfi útendinga

Efling herðir eftirlit

Efling-stéttarfélag er umsagnaraðili um atvinnuleyfi fyrir þá starfsmenn sem vinna eftir kjarasamningum á samningssviði félagsins. Sá misskilningur er algengur að Efling veiti atvinnuleyfin en svo er ekki. Efling veitir samkvæmt lögum umsagnir um atvinnuleyfi og mælir þar annað hvort með því eða móti því að leyfi fyrir viðkomandi fyrirtæki séu veitt. Af ýmsum ástæðum hefur að undanförunu þótt rétt að herða allt eftirlit með atvinnurekendum varðandi þessar umsagnir félagsins. Það er m.a. gert til að koma í veg fyrir að ábyrgðarlausir atvinnurekendur geti ráðið útlendinga í vinnu og staðið síðan ekki við grundvallaratriði í kjarasamningum og lögum á vinnumarkaði.

Atvinnuleyfi berast til umsagnar hjá félaginu og er þá skoðað m.a. hvort viðkomandi fyrirtæki sem sækir um fyrir erlenda starfsmenn hafi staðið í skilum með iðgjöld t.d. í lífeyrissjóð, félagsgjöld eða opinber gjöld. Þá er

einnig kannað hvort leitað hafi verið til Vinnumiðlunar eftir starfsfólki, hvort öll tilskilin gögn og ráðningarsamningar séu með umsókninni og hvort réttar upplýsingar séu á útfylltu eyðublaði.

Algengast er að ófullnægjandi upplýsingar séu með þessum gögnum. Þó nokkuð algengt er að óábyrgir atvinnurekendur sækja um atvinnuleyfi. Er þá átt við að viðkomandi vinnustaður sé í vanskilum t.d. með lífeyrissjóðgjöld og fleira. Að gefnu tilefni er ítrekað á því að Efling-stéttarfélag er aðeins umsagnaraðili um atvinnuleyfi til félagsmálaráðuneytisins en þar er sjálft leyfið veitt.

Mikilvægt er einnig að hafa í huga að minnkandi spennan er nú á vinnumarkaði og því þurfa stéttarfélög að vera vel vakandi gagnvart atvinnurekendum sem sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga þar sem samdráttur á sér stað og jafnvel verið að segja upp starfsfólki.

Þá hafa trúnaðarmenn og starfsmenn á vinnustöðum bent á mikilvægi þess að íslenskukunnátta þessa erlenda starfsfólks m.a. í ummönnumarstörfum sé fyrir hendi til að það geti tekist á við verkefni þar sem reynir á skilning og getu til að tjá sig á íslensku við skjólstæðinga stofnana, dagheimila og sjúkrahúsa svo dæmi séu tekin.

Umsagnir um atvinnuleyfi

Efling mótmælir sjónarmiðum SA

Samtök atvinnulífsins hafa sett fram það sjónarmið að rétt sé að svipta stéttarfélögin umsagnarrétti um atvinnuleyfi útlendinga. Efling - stéttarfélag hefur mótmælt þessu sjónarmiði SA harðlega og telur að störf stéttarfélaganna í þessu efni séu mjög mikilvæg. Þau séu nauðsynlegur þáttur í eftirliti með kjörum, aðbúnaði og öðrum réttindum erlendra verkamanna.

Eftirlit Vinnuálastofnunnar getur ekki komið í staðinn fyrir eftirlit stéttarfélaganna. Stofnunin hefur ekki sama aðgang og þekkingu um einstök fyrirtæki og stéttarfélögin hafa. Það er mjög misjafnt hvernig fyrirtæki

búa að erlendum starfsmönnum sínum og ófá dæmin um tilvik þar sem stéttarfélögin hafi þurft að hafa afskipti af kjörum og aðbúnaði þessa fólks.

Með því að taka umsagnarréttinn af stéttarfélögunum er verið að takmarka möguleika félaganna til þess að sinna þessu eftirlitshlutverki. Verði þau viðhorf sem fram koma hjá Samtökum atvinnulífsins að veruleika er verið að skapa þeim atvinnurekendum sem það kjósa möguleika að brjóta á erlendum starfsmönnum og stuðla að eftirlitshlutum innflutningi á erlendu starfsfólki.



Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500

Félagar!
Fylgist með réttindum ykkar



Miklvægar upplýsingar hjá ríki og hjúkrunarheimilum

Hvað eru hæfnislaun?

Í síðustu kjarasamningnum sem gerðir voru við Ríki og hjúkrunarheimili á vormánuðum 2000 voru ákvæði um hæfnislaunaflokka eða framgangslaun. Hjá flestum er þetta kallað framgangur í starfi. Nú hafa flestir aðilar að samningnum unnið að þessum framgangi í starfi á viðkomandi stofnunum.

Með þessu er átt við að fram fari starfsmannasamtal þar sem farið er yfir starfið og hvernig fólki gangi í starfi og hvort einhverjir þættir megi betur fara. Í langflestum starfsmannasamtölum er fjallað um ánægju í starfi og um þá þætti sem snúa að starfsmanninum. Samtölin veita starfsfólki tækifæri til að tjá sig um sína skoðun á starfi sínu.

Hjá ríkisstarfsmönnum eru möguleikarnir í launahækkunum eftir frammistöðu 1-3 launaflokkar. Starfsmannasamtölin voru fyrst veitt

þeim sem lengst hafa verið í vinnu en síðan tekin samtöl við þá sem hafa styttri starfsaldur. Gert er ráð fyrir að þegar öllum starfsmannasamtölum er lokið við þá sem voru í starfi þegar samningurinn var gerður, þá verði almennt veitt starfsmannaviðtal eftir 9 mánuða starfstíma.

Síðan er framkvæmdin nokkuð öðruvísi á hjúkrunarheimilunum þar sem hluti þessara launaflokka er notaður til að umbuna fólki eftir því hversu lengi það hefur verið hjá viðkomandi stofnun/heimili. En frá og með 1.júlí s.l. kom til viðbótar launaflokkur til ráðstöfunar í frammistöðu eða vegna þyngdar starfs.

Mikilvægt er að allt launafólk á þessum vinnustöðum kynni sér vel í hverju réttindi þeirra eru fólgin á viðkomandi launaskrifstofu og/eða hjá þjónustufulltrúum Eflingar.

Nýr veruleiki karla í fæðingarorlofi

Yfir 80% karla nýta sér lögín



Steinn Lundholm

Hlutfall karla sem taka fæðingarorlof hér á landi er mjög hátt eða um 80% eftir að nýju lögín um fæðingarorlof tóku gildi um síðustu áramót. Það er einnig mjög hátt með tilliti til þróunar í öðrum löndum. Þetta kom fram hjá Halldóri Grönvold þegar hann fjallaði um reynsluna af nýjum lögum um fæðingarorlof á félagsfundi Eflingar nýlega. Halldór sagði að þetta væri algerlega nýr veruleiki og þýðir að 80% fedra eru farin að taka þátt í uppeldi yngstu barna með því að taka sér fæðingarorlof.

Nú er verið að meta ýmislegt í framkvæmd laganna um fæðingarorlof þegar 10 mánaða reynsla er fengin á lögín. Halldór Grönvold sagði að því miður hefði komið fram að atvinnurekendur þekktu of lítið og illa skyldur sínar sérstaklega varðandi réttindi þungaðra kvenna. Það þyrfti að kynna betur þessi réttindi og koma upplýsingum á framfæri við launafólk.

Vinnueftirlit ríkisins hefur tekið að sér að leiðbeina um réttarstöðu þungaðra kvenna.

Komið hefur einnig í ljós að Tryggingastofnun ríkisins var ekki undirbúið undir greiðslur

til þungaðra kvenna, almenn upplýsingagjöf var ekki í lagi hjá stofnuninni og framvæmd laganna ekki fullnægjandi. Það vantaði upplýsingar til launafólks sjálfs um framkvæmd laganna og áherslur. Mikilvægt væri að fram kæmi það grundvallaratriði að ekki er um bæt看 að ræða heldur laun í fæðingarorlofi.

Nú liggur fyrir að það þarf að skoða greiðslureglur, kynna betur réttindi launafólks, möguleika á sveigjaleika og foreldraorlofið.

Það er mikilvægt að kynna vel möguleika karla og vaxandi rétt þeirra. Til þess að þetta takist þarf að skapa almennt jákvætt viðhorf til þess að fedur taki þátt í þessu en ekki síður að tryggja skilning vinnuveitanda á orlofstöku og barna skiptir það miklu máli hvaða andrúmsloft ríkir á vinnustaðnum.

Halldór sagði að lokum að fæðingarorlof og foreldraorlof kölluðu á nýja hugsun og mikilvægt að fólk skipuleggi saman orlof sitt. Mikilvægt er að stjórnvöld standi vel að öllu upplýsingastarf. Einnig búa stéttarfélagin yfir viðamikilli þekkingu þar á meðal á skrifstofu Eflingar þar sem nokkrir starfsmenn búa yfir góðri þekkingu um málið.

Steinn G. Lundholm

Fyrsti pabbinn sem fór í fæðingarorlof

Á félagsfundi Eflingar stéttarfélags fyrir skömmu þar sem m.a. var rætt um ný lög um fæðingarorlof sem tóku gildi um síðustu áramót kom einn fundarmanna Steinn G. Lundholm í ræðustól og sagði frá því að hann væri fyrsti pabbinn á Íslandi sem hefði farið í fæðingarorlof. Tilfnið var m.a. það að verið var að ræða nýju fæðingarorlofsslögin og miklu réttindabætur sem lögin hafa í för með sér. Við báðum Stein að segja okkur frá þessari reynslu sinni.

Þannig var að Erna Indriðadóttir fréttamaður á ríkisútvarpinu hringdi í mig snemma árs 1981 og vildi eiga við mig viðtal. Það hafði komið í ljós að ég var fyrsti faðirinn sem hefði farið í fæðingarorlof eftir að ný lög um fæðingarorlof tóku gildi árið 1981. Það kom þannig til að 5. febrúar sama ár eignuðumst við hjónin son og þá fékk vinnuveitandi minn þá hugmynd að ég tæki mér frí frá vinnu í einn mánuð samkvæmt nýjum lögum um fæðingarorlof til að vera heima og aðstoða við heimilishaldið. Ég þáði það með þökkum.

Við höfðum eignast dóttur áður sem við misstum vegna veikinda og vildum þess vegna njóta þessa atburðar saman og styðja hvort annað. Ég vissi ekki nákvæmlega hvernig þetta kæmi út hjá okkur en þegar ég fékk launin greidd kom í ljós að þau voru miðuð við laun konunar og mánaðarfríð mitt stytta þriggja mánaðar fæðingarorlofið hennar í tvo mánuði. Þetta sýndi vel galla löggjafarinnar á sínum tíma.

Breytingin sem orðið hefur með nýju lögunum er ólýsanleg. Mér líst mun betur á nýju lögin því nú er tekið mið af launum þeirra sem fara í fæðingarorlof og orlof mæðra skerðist ekki. Í dag er fæðingarorlofið þannig að mæður eiga þrjá sjálfstæða mánuði og feður einn og svo eiga þau þrjá mánuði sameiginlega sem þau ráða hvernig þau skipta á milli sín þannig að faðirinn getur tekið alls fjóra mánuði en móðirinn mest sex mánuði. Eftir næstu



áramót á faðirinn rétt á tveimur sjálfstæðu mánuðum og 2003 á hann rétt á þrem sjálfstæðum mánuðum þannig að mér sýnist þessi lög hvetja feður til að fara í orlof en það gerðu gömlu lögin ekki.

Ég vil hvetja alla feður sem eiga þess kost að notfæra sér fæðingarorlofið því í dag eru mæðurnar sendar heim mun fyrr en áður eftir fæðingu og þá er mjög gott fyrir þær að mennirnir séu heima til að aðstoða og svo er líka gott fyrir þá að komast í nánari tengsl við fjölskylduna, sagði Steinn G. Lundholm.

Annars er gaman að segja frá því að vinnufélagin minn sem heyrði af þessu viðtali, kom að máli við mig og vildi að ég sem trúnaðarmaður á vinnustað beitti mér fyrir því að fæðingarorlofið yrði afturvirk og það varð til þess að ég gerði eftirfarandi stöku:

Lengist feðraorlof enn
Efling með því sýnir styrk
Þó heimta sumir heiðursmenn
Að hafa lögin afturvirk

Breytingin sem
orðið hefur
með nýju
lögunum er
ólýsanleg



**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega

www.nyiokuskolinn.is

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 588 4500 • 898 3903



Haukur Harðarsonleiðbeinandi frá MFA í hópi trúnaðarmanna

Trúnaðarmenn Eflingar

Allir trúnaðarmenn Eflingar eiga þess kost að sækja námskeið hjá Eflingu til að kynna sér réttindi og skyldur trúnaðarmanna og önnur mikilvæg atriði um vinnumarkaðinn. Eflingarblaðið leit inn á líflegt námskeið trúnaðarmanna í Sætúninu nýlega og spjallaði við tvo trúnaðarmenn þau Jakobínu Guðjónsdóttur og Veigar Þór Sturluson. Þau voru m.a. spurð um það hvaða hugmyndir þau hefðu um störf trúnaðarmannsins.

Kynni mér vel málin - segir Jakobína Guðjónsdóttir

Þegar ég var kosin af vinnufélögum mínum vissi ég ekki hvað ég var að fara út í en svo



Jakobína Guðjónsdóttir

ákvað ég að fara á þetta námskeið sem er nýbyrjað og er að gera mér grein fyrir að í þessu starfi felst að vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið og atvinnurekandann.

Hvernig ætlaðu að takast á við þetta verkefni?

Fyrst ætla ég að fræðast um réttindi og skyldur trúnaðarmanna sem er gerð mjög góð skil á námskeiðinu og svo þarf ég að lesa kjarasamninginn vandlega og kynna mér ýmis réttindi í sjóðum félagsins. Ef á þarf að halda mun ég leita til starfsfólks á skrifstofu Eflingar en af því hef ég mjög góða reynslu.

Þannig var að ég datt í vinnunni og braut gleraugun mín og þá kom upp sú spurning hver réttur minn væri að fá tjónið bætt. Ég hringdi á skrifstofu félagsins og fékk þau svör að þar sem óhappið hefði gerst í vinnutíma ætti vinnuveitandinn að bæta mér tjónið að fullu og það reyndist rétt.

Jakobína Guðjónsdóttir vinnur á leikskólanum Arnarborg í Breiðholti og er nýjörðin trúnaðarmaður



Veigar Þór Sturluson

Veigar Þór Sturluson

Skoðar hvert mál sérstaklega

Veigar sagðist ekki hafa fyrirfram haft sérstakar hugmyndir um starfið en þetta er allt að skýrast. Á námskeiðinu er verið að fara yfir hvað maður má gera og hvað ekki sem trúnaðarmaður og miðla annarri þekkingu sem á eftir að reynast manni vel.

Hvernig ætlaðu að takast á við málin sem þú þarft að leysa?

Ætli ég byrji ekki á því að skoða hvert mál vandlega og afla nauðsynlegra upplýsinga og reyni svo að finna viðeigandi lausnir sem koma vinnufélögunum vel.

Veigar Þór Sturluson vinnur í Endurvinnslustöð Sorpu á Dalvegi í Kópavogi og er nýjörðinn trúnaðarmaður.

Langtímaatvinnulausir

Leitað lausna á vanda þeirra



Sólveig Magnúsdóttir

Á vordögum fór Efling-stéttarfélag fram á samstarf við Vinnumálastofnun og Vinnumiðlun Reykjavíkur um skoðun á högum og aðstæðum þeirra sem hafa verið lengi atvinnulausir. Þrátt fyrir þennslu á vinnumarkaði á liðnum misserum hefur verið nokkur hópur félagsmanna Eflingar og annarra stéttarféлага sem ekki virðast hafa fengið vinnu við hæfi. Nauðsynlegt er að skoða vanda þessara launamanna nánar.

Efling rekur skrifstofu úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta í tengslum við skrifstofu félagsins. Félagið hefur nokkuð góða yfirsýn á vinnumarkaðinn. Einnig fer fram mikið starf í fræðslumálum á vegum félagsins. Í skoðun félagsins á málinu og þótti vel við hæfi að gera tilraun til að greina þá áhrifaþætti sem koma í veg fyrir að fólk fái vinnu á tímum þegar talsverð eftirspurn er eftir fólki. Einnig sýnir útgáfa atvinnuleyfa fyrir útlendinga að ýmis störf eru laus á vinnumarkaði. Hugmyndin er m.a. sú að skoða það hvað kemur í veg fyrir að langtímaatvinnulausir fái störf og beita m.a. fræðslu þar sem það á við.

Atvinnuleysistryggingarsjóður styrkir þetta málefni og hefur Sólveig Magnúsdóttir verið ráðin til verkefnisins. Sólveig mun til að byrja með hafa starfsaðstöðu á Vinnumiðlun

Reykjavíkur en mun vinna hluta könnunarinnar hjá Eflingu-stéttarfélagi. Í framhaldi af þessari vinnu munu væntanlega verða settar fram tillögur um hvernig megi leita lausna á atvinnumálum þessa hóps. Efling mun þannig óska eftir samstarfi við Vinnumálastofnun og Atvinnuleysistryggingarsjóð um aðgerðir til þess að auðvelda þessum hópum að fá vinnu.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299

Svona er Efling


- Meirihluti undir þrítugu og erlendir
félagsmenn frá 99 þjóðlöndum



Katrín Corazon Surban er trúnaðarmaður erlendra starfsmanna á Landspítalanum

Eftir sameiningu þeirra fimm stéttarféлага sem mynda í dag Eflingu-stéttarfélag er forvitnilegt að skoða samsetningu félagsins út frá ýmsum hliðum. Við förum í greiningu á

nokkrum lykilstærðum í félaginu og drögum fram ýmsar merkilegar staðreyndir um uppbyggingu þess.



Mynd 1 sýnir kynjaskiptingu innan félagsins

Karlarnir sækja á

Ef við skoðum kynjahlutföll þá kemur í ljós að u.þ.b. 55% félagsmanna konur en tæplega helmingur karlmenn. Þessi hlutföll þurfa ekki að koma á óvart þar sem tvö öflug kvennafélög Sókn og Framsókn sameinuðust inn í Eflingu-stéttarfélag. En þetta er einnig forvitnilegt af þeim sökum að karlmönnum virðist fara nokkuð fjölgandi í félaginu sem marka má af því að við sameiningu félaganna var kynjahlutfallið 60% konur og 40% karlar.

Ungt fólk í ungu félagi

Þegar aldursdreifing innan félagsins er skoðuð kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós. Af þeim sem starfa á félagssvæði Eflingar-stéttar-


**Af þeim sem starfa á félagssvæði
Eflingar-stéttarfélags eru tæplega
55% innan við þrítugt**



félags eru tæplega 55% innan við þrítugt. Að vísu er nokkur hluti þessa fólk væntanlega hlutavinnufólk en engu að síður sýnir þetta hve ungt og kraftmikið félagið er. Væntanleg má leita skýringa á þessu að hluta til í sameiningu Félags starfsfólks í veitingahúsum inn í Eflingu. Um 15% greiðenda eru síðan milli þrítugs og fertugs og tæplega annað eins á aldrinum fjórtíu til fimmtíu ára.


2000 útlendingar innan Eflingar frá 99 löndum

Erlendur ríkisborgarar innan Eflingar eru tæplega tvö þúsund og kemur ekki á óvart að þónokkur hluti launfólks á félagssvæði Eflingar eru erlendir ríkisborgarar. En við nánari greiningu kemur sú skemmtilega staðreynd í ljós að þeir koma frá 99 þjóðlön- dum. Efling-stéttarfélag er því sannanlega fjöl-



Mynd 3. Skipting helstu þjóðlanda

menningarlegt stéttarfélag. Fjölmennastir eru launamenn frá Filippseyjum 260, þá Pólverjar 230 og Thailendingar 185. Í meðfylgjandi súluriti má sjá þá 10 fjölmennustu hópa innan félagsins sem hafa erlent ríkisfang.



Mynd 2 sýnir aldersdreifingu innan Eflingar

Hefur þú nýtt þér styrk úr starfsmenntasjóðum félagsins?


- 60-75% endurgreiðsla

Efling hvetur félagsmenn sína til að nýta sér rétt til endurgreiðslu úr starfsmenntasjóðum félagsins. Sjóðirnir styrkja allt starfsnám, þ.m.t. tölvunám, tungumálanám, meirapróf og almennt nám við öldungadeildir framhaldsskóla. Styrkir er aðeins mismunandi eftir því hvort félagsmenn starfa á almennum markað eða hjá hinu opinbera en geta verið frá 60-75% af kostnaði. Þú getur fengið upplýsingar um þinn sjóð á skrifstofu Eflingar og á heimasíðu félagsins www.efling.is á síðunni „fræðslumál.“

Smelltu á www.efling.is


Til félagsmanna Eflingar stéttarfélags

10% afsláttur af öllum vörum
20-100% afsláttur
af lyfseðlum (sjúklingahluta).



**SKIPHOLTS
APÓTEK**

Skipholti 50b, 105 Reykjavík
Sími 551 7234, fax 551 6959




Orlofshús félagsins vel nýtt


- nær að sinna öllum aldurshópum

Orlofshús eru mikilvægur þáttur í starfi Eflingar og ein þeirra þjónustubátta sem mjög margir félagsmenn nýta sér. Við greiningu á nýtingu orlofshúsa félagsins kemur ýmislegt merkilegt í ljós t.d. hvaða aldur nýtir sér húsin mest.

Þegar heildarnýting orlofshúsana á síðasta ári er skoðuð kemur í ljós að mesta nýtingin er hjá félagsmönnum á aldrinum 18 - 30 ára, þó er ekki sé mikill munur á næstu hópum á eftir, þ.e. 31-59 ára. Þegar eftirspurninni er skipt eftir tímabilum þ.e. sumar / vetur sést að yngra fólkið nýtir húsin töluvert meira yfir vetrartímann.



Nýting á orlofshúsum Eflingar stéttarfélags 2000 eftir aldri



Á yfirstandandi ári virðist nýtingin vera jafnari milli aldurshópa samhliða því sem eftirspurn eykst töluvert, en þessar myndir sýna einungis nýtinguna til septemberloka. Sjá má að aldersdreifing er nokkuð jöfn hjá aldurshópunum 18 - 59 ára. Þegar við skoðum dreifingu fyrir tímabilin sumar / vetur er ekki annað hægt að segja en félagið nái að sinna öllum aldurshópum nokkuð vel.

**Yngra fólkið nýtir húsin töluvert meira
yfir vetrartímann**






Gríðarleg aukning í orlofshúsum

Einhverjir kunna að hafa velt fyrir sér að eldri félagsmenn fái sjaldan úthlutað en samkvæmt aldursdreifingu á umsóknum um orlofshús fyrir sumarið 2001 má sjá að fjöldi umsókna hjá aldurshópnum 70 - 100 ára og svo aftur nýtingin hjá sama aldurshóp yfir sumarið er nokkuð jöfn. Sérstakt tilboð til eldri félagsmanna og öryrkja hefur verið á vorin en það er fyrir utan þessar tölur.

Þegar borin er saman aldursdreifing umsókna annarsvegar saman við úthlutun yfir sumartímann má sjá að engir aldurshópar verða sérstaklega útundan. Þó ber að hafa í huga að aldurshópurinn 18 - 30 ára nýtir húsin að nær öllu leyti í júní og ágúst en sökum punktastöðu yngri félagsmanna (styttri starfsaldur) þá eru möguleikarnir ekki eins mikilir í júlí sem er háannatími.

Aukning í nýtingu orlofshúsa hefur verið gríðarleg undanfarin ár. Árið 1999 voru fjöldi gistinátta 7.127, árið 2000 jókst það í 8.300 og nú árið 2001 við septemberlok voru fjöldi gistinátta komin í 8.756.



Karl Ó. Karlsson



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason

Viðtalstímar lögmannna

Efling-stéttarfélag

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.



Magnús Þorsteinsson 75 ára

Bráðnauðsynlegt að hafa eitthvað fyrir stafni

- Eflingarblaðið ræðir við fyrrverandi byggingarverkamann um tréskurð, merkjasöfnun og fleiri áhugamál sem hann hefur stundað af miklum eldmóð um ævina.

Magnús Þorsteinsson er 75 ára og hefur búið einn á heimili sínu við Sogaveg í Reykjavík síðastliðin 11 ár. Hann er fæddur og uppalinn í Ólafsfirði og byrjað sitt fyrsta starf sex ára gamall við að beita og vann svo ýmsa aðra vinnu þegar hún gafst - aðallega í fiski. Árið 1952 fór hann á vetrarvertíð í Hafnarfirði og var þar í 6 vetur. Á sumrin vann hann í grjótnámu á Ólafsfirði þegar höfnin var byggð. Í

Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera og hékk bara heima



desember 1958 fór hann alfarinn suður. Eigin kona hans lést fyrir 11 árum og Magnús hætti að vinna vegna veikinda í öxlum 66 ára gamall eða ári fyrr en hann hafði áætlað. Það voru talsverð viðbrigði eftir starfssamt líf í byggingarvinnu og fleiri störfum alla ævi. En hvað tók þá við?

Til að byrja með gerði ég ekki neitt og í raun vissi ég ekkert hvað ég átti að gera og hékk bara heima. Þá fór fólk að kvetja mig til að fara í eitthvert föndur sem varð til þess að ég fór upp í gamla Víkingsheimilið við Hæðargarð og komst þar í hóp góðra manna sem voru m.a. við tréskurð og hef lært heilmikið af þeim. Ég hef helst verið að skera út borð og veggklukkur. Þá hef ég gert nokkur barómet og veggspgla. Einnig gestabækur, statíf undir skrautskeiðar og ýmislegt fleirra. Margt af þessu hef ég unnið hér heima og gefið bæði innanlands og utan. Ég hef líka aðeins komið að glerskurði og gerði tvær myndir sem hanga í stofuglugganum hjá mér. Svo hef ég gert ýmsa aðra muni sem eru á við og dreif um íbúðina.

Konungskoman 1907

En mitt aðaláhugamál hefur verið allskonar söfnun. Lengst af hef ég safnað merkjum en á tímabili safnaði ég fánum, mynt og merktum pennum. Ætli ég eigi ekki eitthvað um 1000 penna í fórum mínum. Núna held ég mig eingöngu við söfnun á íslenskum merkjum. Þetta eru m.a. merki íþróttafélaga, flugfélaga, lögreglu, slökkviliða og stjórnmalaflokka en dýrmætasta merkið er frá konungskomuni 1907.

Ég komst yfir það þannig að kvöld eitt kom maður til mín og spurði hvort ég ætti þetta merki. Ég sagði svo ekki vera. Þá sagðist hann hafa fundið merki á milli veggja í húsi sem hann hefði verið að vinna í og mér væri vel komið að fá það sem ég þáði.

Annars gengur ágætlega að fá ný merki. Þeir hjá lögreglu og slökkviliðum er mjög hjálplegir. Svo hittir maður fólk sem gaukar að manni merkjum eða upplýsingum sem koma að gagni. Undanfarið hef ég verið að gæla við þá hugmynd að gera líkan af Ólafsfirði eins og staðurinn leit út frá 1930 til 1940. Allar byggingar eru mér í fersku minni og ég hef gert nokkur líkón af húsum en mig vantar ráðleggingar með undirstöðunna þannig að framtíðin verður að leiða í ljós hvað verður úr þessu. Það er allveg bráðnauðsynlegt fyrir fólk á mínum aldri að hafa nóg fyrir stafni meðan heilsan leyfir.

Smelltu á www.efling.is



Magnús Þorsteinsson

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegssráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegssráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

What do you know about your trade-union?

Read all about EFLING-TRADE UNION



EFLING — trade union is one of the largest unions in Iceland with approximately 16,000 members and covers all areas of unskilled labour in Reykjavík and its suburbs, except for employees working in commerce and trade.

Our members therefore come from very different areas of the labour market. Efling-union has members in Reykjavík harbour, factory workers (fish and industry factories), unskilled employees in the health sector, public sector workers (garbage collection, public service etc.), transport service, food sector (production and catering service), hotels and restaurants, assistants to skilled craftsmen, etc.

Services provided by Efling

The services provided by Efling can be divided into a few sectors

Our main emphasis is giving information on



collective (wage) agreements that Efling has with employers. Efling has 5 main agreements with employers depending on the sector involved. Along with those agreements we do have some 40 special agreements with companies in different fields. We also give information on employees rights according to law.

Efling offers legal help and consultation to our members. The union offers weekly interviews with our lawyers in our office. The lawyers handle the more difficult cases and disputes with employers. Some of these cases end in court where our lawyers are responsible for the legal handling of matters.

Although the union's most important task is to fight for and defend our members' wages and rights the union also offers many other services to our members.

Sick benefits

Efling- trade union has "sick-relief—fund". The fund pays sick benefits to those members who have fulfilled minimum requirements regarding the fund and are unable to work due to illness. This fund also pays its members part of costs due to various health programs, cancer-inspection etc. Last year some 3,000 members received payments from the fund.

Summerhouses

Efling — trade union has 50 **summerhouses** in most parts of the country and can be rented all year round for a week or for weekends.

Education grants

Efling — trade union also supports our members in their efforts to further their education i.e. if they go to school, take courses in vocational education or if they take hobby courses. We have special programs for our members who take on the responsibility as trade-union representatives in the workplace (shop-stewards). Today Efling has around 260 shop-stewards

Efling has at present cooperation with many educational institutions which can help us develop and run study programs for people with low or no formal education.

Leadership and office

Sigurður Bessason is chairman of Efling trade union. About 25 employees work in the union office in Reykjavík. On the same floor we have STARFSAFL, the educational office of the unions in the Reykjavík area and one of two unemployment offices in the city.

If you need any other information please do not hesitate to call us (tel. 510-7500) or visit us at Sætún 1, 105 Reykjavík. We are situated at just 3 minutes' walk from Hlemmur Bus station in the center of Reykjavík (see map).

Co wiesz na temat swojego związku zawodowego?

Informacje na temat związku zawodowego EFLING

EFLING jest jednym z największych związków zawodowych w Islandii (około 16.000 członków) i zajmuje się wszystkimi sprawami dotyczącymi pracowników niewykwalifikowanych (z wyjątkiem pracowników zatrudnionych w handlu) na terenie Reykjavíku i jego przedmieściach.

Nasi członkowie pochodzą z bardzo różnych obszarów rynku pracy. Do Efling należą pracownicy portu w Reykjavíku, fabryk (rybnych i przemysłowych), niewykwalifikowani pracownicy służby zdrowia, pracownicy sektora publicznego (służby oczyszczania miasta, służba publiczna, itp.), służb transportowych, sektora żywieniowego (produkcja i dystrybucja), pracownicy hoteli i restauracji, asystenci pracowników wykwalifikowanych, itp.

Usługi oferowane przez Efling

Usługi oferowane przez Efling można podzielić na kilka rodzajów

Naszym podstawowym celem jest udzielanie informacji dotyczących umów zbiorowych o wynagrodzeniach, które Efling zawiera z pracodawcami. Efling ma pięć podstawowych rodzajów takich umów w zależności od rodzaju wykonywanego zawodu. Ponadto istnieje jeszcze 40 umów specjalnych zawieranych z przedsiębiorstwami w różnych obszarach pracy. Udzielamy również informacji na temat praw pracowników.

Efling zapewnia pomoc prawną i konsultacje z członkami naszego związku. Związek oferuje cotygodniowe spotkania z prawnikami w naszym biurze. Prawnicy zajmują się trudniejszymi sprawami i konfliktami z pracodawcami. Niektóre z tych spraw trafiają do sądu, gdzie nasi prawnicy są odpowiedzialni za ich prowadzenie.

Chociaż najważniejszym celem związku jest obrona praw pracowników, Efling oferuje również swoim członkom inne rodzaje pomocy.

Świadczenia chorobowe

Związek zawodowy Efling ma fundusz chorobowy. Fundusz płaci świadczenia chorobowe tym członkom związku, którzy wypełnili podstawowe zobowiązania związane z funduszem i nie są w stanie pracować z powodu choroby. Fundusz zwraca również koszty związane z różnymi programami zdrowotnymi, badaniami nowotworowymi, itp. W ubiegłym roku ponad 3000 tys. członków otrzymało zwrot kosztów leczenia z funduszu chorobowego.

Domy letniskowe

Związek zawodowy Efling posiada 50 domów letniskowych w większości części kraju, które mogą być wynajmowane na tydzień lub weekend przez cały rok.

Stypendia edukacyjne

Efling popiera starania swoich członków w kierunku dalszego kształcenia się, tzn. jeżeli chodzi o szkołę, biorą udział w szkoleniach zawodowych lub kursach związanych z ich zainteresowaniami. Mamy specjalne programy dla członków naszego związku, którzy przejmują odpowiedzialność reprezentowania związku w miejscach pracy („mąż zaufania”). Dziś Efling zatrudnia około 260 takich osób.

Efling przechodzi teraz proces restrukturyzacji programów związanych z nauczaniem i studiowaniem. Główny nacisk kładziemy na współpracę związku z placówkami oświatowymi, które mogą pomóc nam rozwinąć i prowadzić programy szkoleniowe dla osób z podstawowym wykształceniem lub bez wykształcenia.

Kierownictwo i biuro

Przewodniczącym związku zawodowego Efling jest Sigurður Bessason. W biurze Efling w Reykjavíku zatrudnionych jest około 25 pracowników. Na tym samym piętrze mieszczą się również dwa biura pośrednictwa pracy.

Jeżeli potrzebujesz więcej informacji prosimy o kontakt telefoniczny: 510 7500 lub wizytę w naszym biurze, Sættún 1, 105 Reykjavík. Biuro mieści się 2 minuty od dworca autobusowego Hlemmur w centrum Reykjavíku (sprawdź na mapie).

Jólin 2001
Nýtt ár 2002

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár


HÉÐINN

Síðisla 6 • 210 Garðabær
Sími: 560 2100 • Fax: 560 2101



Júlíana Signý og Kristjana Margrét góðum degi framan við vinnustaðinn á Lynghálslinum

Rætt við starfsmenn hjá Íslenskri erfðagreiningu

Árangurinn á eftir að skipta miklu máli

-segir Júlíana Signý Gunnarsdóttir

Júlíana Signý Gunnarsdóttir hefur starfað á rannsóknastofu hjá Íslenskri erfðagreiningu í fjögur ár, er tækniteiknari að mennt en fór fyrir fimm árum á námskeið fyrir rannsóknamenn hjá Iðntæknistofnun.

Hvernig er vinnuaðstaðan og aðbúnaður fyrir starfsmenn í fyrirtækinu?

Aðstaðan er ágæt, en það hefur eðlilega verið dálítið þröngt um starfsfólkið þar sem fyrirtækið hefur þanist út á þeim fimm árum sem það hefur starfað en hér starfa nú á sjötta hundrað manns á nokkrum stöðum í Reykjavík og Kópavogi, en framundan eru nú flutningar í nýtt og veglegt hús sem verið er að byggja við Sturlugötuna í Vatnsmýrinni. Það húsnæði er sérstaklega hannað fyrir þessa starfsemi þannig að öll aðstaða kemur til með að batna.

Allir nýir starfsmenn fara á námskeið þar sem starfsemi fyrirtækisins er kynnt og gefið innsýn í hvernig rannsóknarvinnan fer fram.

Við lærum erfðafræði fyrir byrjendur, svo er öryggisnámskeið sem er nauðsynlegt, því hér er unnið með mörg mjög hættuleg efni.

Hér er svo mjög gott mótuneyti og starfsmenn hafa búningsklefa og aðgang að sturtu.

Margir erlendir starfsmenn

Hér vinna fjölmargir erlendir starfsmenn. Hvernig ganga samskiptin?

Já, það kom fram hérna um daginn að starfsmenn hér eru frá um 25 þjóðlöndum þannig að enska er hér aðalmál og það virkar bara hvetjandi til að afla sér betri tungumálakunnáttu að vinna í þessu alþjóðlega umhverfi. Svo hefur fyrirtækið staðið fyrir íslenskukennslu sem útlendingarnir hafa sótt af áhuga.

Ýmislegt til skemmtunar

Hvað gera starfsmenn sér til skemmtunar?

Það er ýmislegt. Hér voru engar hefðir fyrir en árshátíð og grímuball eru orðnir fastir liðir einnig jólaball fyrir börn svo er farið í hestaferðir, gönguferðir og í leikhús, þá er samsöngur í hádeginu á þriðjudögum sem allir sem vilja geta tekið þátt í.

Stjórnendur fyrirtækisins hafa alltaf stutt mjög vel starfsmannafélag sem hér starfar.

Opið hús

Hefur starfið einhverja sérstaka þýðingu fyrir þig?

Já, ég er mjög hlynnt því sem verið er að gera hér og það er ánægjulegt að taka þátt í því og að vinna með ungu, velmenntuðu fólki sem hefur brennandi áhuga á því sem það er að gera. Ég veit að árangur Íslenskrar erfðagreiningar á eftir að skipta miklu máli þó ég eigi ekki endilega von á því að það gagnist minni kynslóð. En ég býst við að starfið hér eigi mjög líklega eftir að gagnast næstu kynslóðum.

Ég vil taka fram að að Íslensk erfðagreining hefur oft auglýst opið hús þar sem almenningi hefur verið boðið að koma til að skoða sig um og kynna starfinu hér.

Kristjana Margrét Jóhannesdóttir

Líftækni mun gagnast mannkyninu mikið

Kristjana Margrét Jóhannesdóttir hefur unnið á rannsóknastofu Íslenskrar erfðagreiningar síðastliðin tvö ár.

Hún er á námskeiði fyrir rannsóknamenn þessa daganna hjá Líftæknistofnun og aðspurð sagði hún að alls væru sex starfsmenn frá fyrirtækinu á námskeiðinu. Við erum að læra efnafræði, örverufræði, matvælafræði og fleira. Kennt er tvö kvöld í viku og námið er mjög skemmtilegt og áhugavert.

Sérðu framtíð í því að vinna í líftækniðnaði?

Já, ég sé mjög mikila framtíð í því og held að líftækniðnaðurinn eigi eftir að gagnast mannkyninu mikið.

TILKYNNING FRÁ SJÚKRASJÓÐI EFLINGAR

ÚTBORGUN DAGPENINGA OG STYRKJA Í DESEMBER

Útborgun styrkja vegna desembermánaðar er fyrirhuguð 21. desember n.k.

Til að ná þessari útborgun þurfa gögn að berast sjóðnum í síðasta lagi

14. desember n.k.

Stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags

Hvernig eru styrkir til náms?

Með síðustu kjarasamningum var stofnsettur sameiginlegur fræðslusjóður Eflingar og verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði og Keflavík (Flóabandalagsins) með atvinnurekendum. Starfsemi sjóðsins er nú að komast á fullan skrið. Reglur eru þannig að hámarksstyrkur á ári er á bilinu 25-40.000 miðað við lágmarksfélagsgjald.

En styrkir til einstaklinga eru aðeins hluti af starfi hins nýja fræðslusjóðs því megintilgangur hans er að standa að nýjum fræðslumöguleikum fyrir félagsmenn í samvinnu við fyrirtæki og fræðsluaðila.



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda.

Bífhjólapróf og almennt ökuþróf (B.réttindi).

Einnig kennsla fyrir ensku og taílenskumælandi fólk !

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópbifreið og vörubifreið með eftirvagn.

Hægt er að hefja nám alla miðvikudaga.

Endurbætt kennsluaðstaða.


Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk,mjodd@simnet.is



Tryggvi Þór Aðalsteinsson

Tryggvi Þór Aðalsteinsson skrifar frá Svíþjóð

Fastráðning er mikilvæg fyrir tryggt og öruggt líf

Lengi hefur það verið hagsmunamál launfólks að fastráðning sé meginregla, þegar fólk ræður sig í vinnu. Mikill meirihluti fólks vill heldur fastráðningu en tímabundna ráðningu eða annað form af lausráðningu. Tímabundnar ráðningar skapa óöryggi, vanlíðan og réttindi þeirra sem vinna við slík kjör eru lakari. Margir atvinnurekendur vilja hins vegar helst ráða fólk í vissan tíma og sneiða hjá fastráðningum. Sænska verkalýðshreyfingin vill fækka lausráðningum og tryggja sem flestum fastaráðningu. Ennfremur er tekist á upp uppsagnarréttinn. Réttindi fólks og atvinnuöryggi er sífellt á dagskrá.

Í Svíþjóð er atvinnuöryggi meira en í mörgum öðrum löndum. Atvinnurekendur verða tvímælalaust að fylgja lögum og samningum við uppsagnir og þeir verða að hafa gildar ástæður fyrir uppsögn. Meginreglan hefur verið sú, að ef fækka verður starfsfólki, t.d. vegna

fjárhagsörðugleika fyrirtækis eða minnkandi vinnu, sitja þeir fyrir um vinnuna, sem hafa unnið lengst hjá viðkomandi atvinnurekenda. “Fyrstur inn og síðastur út” er þessi regla stundum kölluð. Á síðari árum hafa atvinnurekendur og samtök þeirra reynt að hnekkja þessu ákvæði í lögum um uppsagnir og vilja helst losna við það. Þeim hefur tekist að ná nokkrum árangri, því fyrir nokkru ákvæð meirihluti sænska þingsins, gegn vilja ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambandsins, að breyta reglunum. Atvinnurekandi á nú rétt að velja tvo starfsmenn sem hann vill halda í starfi, áður en kemur til uppsagnar samkvæmt áðurnefndum reglum. Þannig er það ekki lengur sjálfsagt, að ef fækka á fólki, eru þeir sem hafa verið ráðnir í skemmstan tíma þeir fyrstu sem er sagt upp. Þetta er eitt dæmi um að ekki nægir að setja lög og semja um réttindi launafólks. Réttindin verður líka að vernda og verja.

Fastráðning skapar öryggi

Þrátt fyrir sterka stöðu stéttarfélag í Svíþjóð og umtalsverð réttindi launafólks á ýmsum sviðum ríkir vissst óöryggi. Eitt dæmi um þetta er að mismunandi form af tímabundnum ráðningum og lausráðningar eru algengar hér í landi. Um það bil hálf milljón manna í Svíþjóð hefur slík ráðningarkjör. Sænska alþýðusambandið, LO, hefur vakið athygli á þessu og krefst þess að réttur atvinnurekenda til tíma-

bundinna ráðninga verði takmarkaður. Í könnun, sem LO hefur látið gera, kemur vilji félagsmanna skýrt í ljós. Hvorki fleiri né færri en 95% velja fastráðningu fram yfir lausráðningu eða tímabundna ráðningu. Þar er enginn munur eftir aldri, kynjum eða menntun fólks. Allar tímabundnar ráðningar eru þó ekki af hinu illa. Nægir þar að nefna sumarvinnu skólafólks. Eins eru þeir til sem vilja aðeins vinna sem staðgenglar þeirra sem eru frá vinnu vegna veikinda, náms, fæðingarorlofs eða af öðrum ástæðum. Það breytir þó ekki því að lang flestir vilja hafa fast starf. Fólk vill búa við það öryggi og frelsi að vita að það fær laun reglulega og getur skipulagt líf sitt og fjölskyldunnar með tilliti til þess. Það er líka frelsi að geta bókað ákveðin kvöld til íþróttaæfinga, enskúnaðsmíðs eða til að skutla dótturinni á hennar reglulegu fótboltaæfingar. Svo einfalt getur það verið.

Öryggi og kvíði

Ráðningarkjörin snúast ekki aðeins um fjárhag og skipulag vinnuvikunnar. Ráðningarkjörin hafa áhrif á heilsu okkar. Athuganir hafa leitt í ljós að þeir sem ekki eiga kost á öðru en lausráðningu eru oftast veikir. Aldur skiptir þar ekki máli. Þrautir í liðum og vöðvum er mun algengari hjá lausráðnu fólki. Sömuleiðis kvíði og þunglyndi, sem ekki er undarlegt. Sá, sem getur ekki stjórnað sínu eigin lífi vegna stöðugs óryggis um afkomu sína og sinna, getur beðið tjón á líkamlegri og andlegri heilsu sinni. Ráðningarkjörin hafa einnig áhrif á það hvort fólk velur að eignast börn. Sá sem ekki hefur fast starf og óruggar tekjur velur barnleysi. Slíkt val virðist rökrétt. Ef eigin afkoma er ótrygg, er hæpið að takast á herðar þá ábyrgð sem fylgir því að eignast og ala upp barn. Það er kaldranalegt að ungt fólk, sem á þá ósk heitasta að eignast barn, neyðist til neita sér um það vegna stöðu þess á vinnu- markaðnum.

Minni möguleikar

Þeir sem eru í tímabundnu starfi búa við lakari félagsleg kjör en þeir fastráðnu. Réttur hvers og eins til fæðingarorlofs, atvinnuleysisbóta og orlofs er háður því hversu lengi viðkomandi hefur verið í vinnu. Ennfremur er það svo í raun, að þeir sem ekki eru fastráðnir, standa ver að vígi þegar um það er að ræða að nýta sér rétt sinn. Það á til að mynda við um réttinn að vera heima vegna veikindi barna, vegna eigin lasleika og réttinn að taka þátt í umsömdum námskeiðum. Það er heldur ekki auðvelt að neita, þegar atvinnurekandi kallar lausráðinn starfsmann til vinnu, til dæmis vegna þess að einhver annar er veikur. Lausráðinn starfsmaður gerir síður athugasemd við vinnuáðstæður og öryggi á vinnustaðnum. Lausráðinn starfsmaður á síður en fastráðinn möguleika á starfsmenntun, sem leiðir til laun-

Ráðningarkjörin hafa áhrif á heilsu okkar.
Athuganir hafa leitt í ljós að þeir sem ekki eiga kost á öðru en lausráðningu eru oftast veikir. Aldur skiptir þar ekki máli



hækkana. Athuganir sænska alþýðusambandsins sýna einnig að þeir lausráðnu eru oftast á lægstu umsömdum launum, óháð starfsreynslu.

Konur oftast lausráðnar

Ef litið er á sænska vinnumarkaðinn í heild kemur í ljós að 14% alls launafólks er lausráðið. Hlutfallið er mismunandi eftir greinum. Þeir sem hafa menntun og starfsreynslu, sem fyrirtækin sækjast eftir, fá auðveldlega fastráðningu. Um 90% þeirra, sem starfa við tölvutækni ýmiss konar, hafa fastráðningu, samtímis sem fjórði hver starfsmaður á hóteli og veitinghúsum er fastráðinn. Konur eru oftast lausráðnar en karlar. Meðal einstæðra mæðra, sem eru félagsmenn LO, er fimmta hver lausráðin og hægt er að spyrja sig hvers konar öryggi þær búi við. Um það bil 30% af konum á aldrinum 25 - 29 ára innan LO eru með einhverjum hætti lausráðnar. Hlutfallið er nokkuð lægra meðal kvenna í opinberum störfum og stjórnunarstörfum eða 25%. Útlendar konur frá löndum utan Evrópu, sem hafa fengið vinnu, eru oftast lausráðnar en aðrar. Um það bil helmingur þeirra, sem hafa dvalið í Svíþjóð upp til 9 ár, eru lausráðnar og um 30% þeirra sem hafa dvalið lengur í landinu. Samþæring tala fyrir karla er átján af hundraði.

Lög um rétt til fastráðningar

Fyrir tæpum tveimur árum voru sett lög um að þeir, sem hafa verið lausráðnir hjá sama atvinnurekanda í samtals þrjú ár á undangengnum fimm árum, fá sjálfkrafa fastráðningu. Ef bornar eru saman tölur á milli árána 1999 og 2000 kemur í ljós að fjöldi lausráðninga hefur minnkað nokkuð. Lögin voru sett að tilmælum LO og sýna að hægt er að bæta hag lausráðins fólks. Sænska Alþýðusambandið hefur einnig fært rök fyrir því að breytilegur vinnutími eftir álagi er ein leið til að koma til móts við kröfur atvinnurekenda um „hreyfanlegan vinnumarkað“ án þess að ganga á rétt launafólks. Að gefa lausráðnu fólki í hlutastörfum kost á fastráðningu, er önnur leið til að fækka lausráðningum. Slíkt auðveldar að þeir, sem gegna reglulega hlutastörfum, vinni yfirvinnu þegar álag er mikið í stað þess að leggja það á heilsdagsfólkið. Hreyfanleiki á milli starfa innan vinnustaðar getur sömuleiðis verið ákjósanlegt, bæði fyrir atvinnurekendur og starfsmenn.

Höfundur er framkvæmdastjóri MFA í Örebro í Svíþjóð.

					SEINGJÁ KONA TÁ SLEIÐ	VERKUN ÖRN AUGNAK	EINS	RAFAKKA GLEDA	PLANTA BEJAR- NÖFV	SLÁR GRÍÐA FJÖLDI	STERNVA KONA		
				ROLU- MENNIN LAPA BÖÐI			3						
DURA- TRÉ													
		STJARNJA FLUG- VÉL	KIND MONT	EINK. ST.	EDA ÚT- KJÁLKI			MÖT LAND					
KANTHA SAND- FUGL							V		5	V			
RÖSTUN MÖGUL. SÍL											V		
SKRÖI		2	V	GRASI VAKINN TANGI KROLD		9	V	EINS HMS BÖÐI					
GAGN NÆRIR							V						
DRÖFA TAKAN- BÖÐI SILMUN	↓								12	V			
SIGRI				13	MIS MUNA NIBUR SEPA		7				ILAT RANN- SARA		
TIL ←			ÖSKUR STJARN GLETA				TANDI KYTIR		V				
HYSKI ↓		V		IDN JAMNE SK.ST.		10		HVES STRIK KROT		1			
FÖTA- BUNDA						KVADDA ORDAR					TOK EINS LATT		
GEN ÚT- KINDJA KONA						14							
LERDI		4	V	FORA ÚTT- AHÖLD					SKRAF VERLUN		8		
		FISKUR FLAFA BÖÐI LAGE					11						
	↳							→					
ORT EINS			6					NALF- BÖÐI					
RASIR FLEGGUR HJÓÐ- SPÉIT													
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætin 1 • 105 Reykjavík
Svar þarf að berast fyrir 20. desember 2001.


Síðasta verðlaunakrossgáta

Hjörleifur Guðnason fékk verðlaunin

Mikill fjöldi félagsmanna tók þátt í að leysa verðlaunakrossgátu síðasta fréttablaðs Eflingar. Dreigið var úr réttum lausnum og sá heppni var Hjörleifur Guðnason sem var starfsmaður hjá Skeljungu en lét af störfum þar fyrir fyrir nokkrum árum sökum aldurs. Myndin var tekin þegar Fjóla Jónsdóttir, starfsmaður Eflingar, afhenti Hjörleifi verðlaunin.



Lausn síðustu krossgátu



Aukin ökuréttindi

Leigubifreiðar, vörubifreiðar, hópferðabifreiðar
Eflingarfélagar athugið!

Aukin ökuréttindi - Auknir atvinnumöguleikar

Ökuskóli S.G. Heldur dagnámskeið fyrir fólk af landsbyggðinni eða aðra sem geta nýtt sér styttri og hnitmiðaðri námskeið

Ökuskóli S.G. Næsta námskeið í Reykjavík hefst 10. janúar 2002

Skráningar í sínum 581 1919, 822 3810 og 892 4124
Hagstætt verð og góðir greiðsluskilmálar
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða

Ath! Mörg stéttarfélög taka að hluta þátt í kostnaði fyrir sína félaga.



Merrild Kaffi



Ágústa Ýr Þorbergsdóttir

Nýr starfsmaður ASÍ í verðlagsmálin

Ísland eitt dýrasta land Evrópu

- segir Ágústa Ýr Þorbergsdóttir

Í september s.l. hóf Ágústa Ýr Þorbergsdóttir störf við verðlagseftirlit hjá Alþýðusambandi Íslands. Ágústa lærði stjórnmálafræði, hefur stundað þýskunám í Þýskalandi og stjórnmálafræði í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Undanfarin ár hefur hún starfað við verðlagseftirlit Neytendasamtakanna. Við spurðum Ágústu um verðlagseftirlitið og verkefni hennar og nám.

Ég starfaði tölfraði og hagfræðideild heilbrigðisráðuneytisins í Kaupmannahöfn sumaríð 1997 en um haustið hélt ég heimleiðis og fór aftur í skóla sagði Ágústa þegar hún var spurð hvað hefði tekið við eftir dvölinni í Danmörku. Í ársbyrjun 1998 fór ég að starfa með skólanum við markaðsrannsóknir hjá Hagvangi sem síðan var sameinað Pricewaterhouse Coopers.

Í febrúar 1999 byrjaði ég svo að vinna sem

Í könnuninni sem ég gerði reyndust 70% vörutegunda vera dýrari á Íslandi en þá er aðeins tekið tillit til þeirra vörutegunda þar sem verðmunurinn er 10% eða meiri



verkefnisstjóri í samstarfsverkefni Neytendasamtakana og ASÍ sem fólst aðallega í verðlagseftirliti á höfuðborgarsvæðinu, einhvernvegin ætlaðist það þannig að megin áherslan varð á matvöru. Eftir að samstarfsverkefninu lauk starfaði ég sem verkefnisstjóri hjá Neytendasamtökunum m.a. í því að gera samburð á verði matvæla á Íslandi og Danmörku þar sem fram kom að það var mun dýrara fyrir okkur að versla í matinn. Einnig sat ég í norrænum nefndum og vann við skýrslugerð og ýmislegt fleira fyrir samtökin.

Fyrsta verkefnið sem ég vann fyrir ASÍ var svipuð könnun og ég hafði gert hjá Neytendasamtökunum að bera saman verð á matvælum á Íslandi og Danmörku en í þetta skipti var hún gerð á netinu. Í athugunum sem Evrópusambandið hefur gert kemur fram að matvörur eru einna dýrastar í Danmörku ef Evrópusambandslöndin eru borin saman. Í könnuninni sem ég gerði reyndust 70% vörutegunda í könnuninni vera dýrari á Íslandi en þá er aðeins tekið tillit til þeirra vörutegunda þar sem verðmunurinn er 10% eða meiri.

Við erum að undirbúa verðkannanir á matvöru sem endurspeglar sem best neyslu á einstökum vörutegundum. Síðan ætlum við að leggja áherslu á fjármál fólks og í góðu samstarfi við banka og sparisjóði verða t.d. birtir útreikningar á kostnaði við yfirdráttarheimildir á launareikningum. Einnig hyggjumst við skoða kostnað af dreifingu greiðslna á kretitkortum sem margir gera eftir jólamánuðinn og vonandi náum við að gera eina verðkönnun á matvöru fyrir jól.

Fjármálin eru efst á baugi í neytendamálum víða í heiminum í dag og á Norðurlöndum er sérstaklega verið að skoða fjármál ungs fólks en ég held að lántökukostnaður, stimpilgjöld og annar aukakostnaður sem þarf að greiða við kaup á sinni fyrstu íbúð komi ungu fólki oft á óvart.

Hugmyndin er að vera með upplýsingabanka um almenn fjármál á heimasíðu okkar asi.is. og þar verða líka birtar allar niðurstöður úr könnunum sem við gerum.

Ég vil hvetja stéttarfélag út um allt land og fólk yfirleitt að hafa samband og koma hugmyndum sínum á framfæri við mig til þess að þær geti orðið að liði í verðlagseftirliti verkalyðshreyfingarinnar.

Tungumál

Dagnámskeið

Myndlist

Tölvunámskeið

Fyrstu námskeið

á vorönn

2002

Barna- og unglinganámskeið

Starfsmenntaskólinn

Saumar og þrjón

Tómstundir

Menning og mannækt

Matur og vín



Einn tveir og þrír 4.082

hefst 23. janúar

Sími: 588 72 22 • www.mimir.is



Séreignarsjóður Framsýnar

Þeir sem hafa ekki verið með hingað til ættu að hugsa sinn gang, byrja núna og næla strax í hækkunina sem verður um áramótin. Þetta eru peningar sem við eigum rétt á en eignumst ekki nema að vera þátttakendur í séreignarsparnaði.

Mótframlag launagreiðenda hækkar í janúar 2002. Ert þú einn af þeim sem eignast þessa peninga?

Þessi miðað við 100.000 kr. laun og 4% framlag launþega:

		2001	1. janúar 2002
Framlag launþega	4%	4.000 kr.	4% 4.000 kr.
Framlag launagreiðenda	1%	1.000 kr.	2% 2.000 kr.
Framlag ríkis	0,4%	400 kr.	0,4% 400 kr.
Samtals í sparnað		5.400 kr.	6.400 kr.

(Athugið að þitt framlag er tekið óður en skattur er reiknaður þannig að ef þú greiðir 4.000 kr. í séreignarsjóð tekka útborgað laun aðeins um 2.450 kr.)

Það eru fleiri kostir við séreignarsparnað en mótframlögin:

- Sparnaðurinn er list
- Fjármagnstekju- og eignaskattsfrjáls
- Skerðir ekki barna- og vaxtabætur
- Séreign er varin gegn fjármámi og gjaldþroti
- Hægt að fá greitt út frá 60 ára aldri
- Meira ráðstöfunarfé á eftirlaunaárunum

**Vertu með og nældu þér í hækkunina um áramótin!
Það er aldrei of seint að byrja!**



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Sæltúni 1, sími 515 4700, fax 515 4701,
vettang: www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is